FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
156. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 5. JÚLÍ 2017



Páll Tryggvason vann í gær hörðum höndum að því að koma upp stiga við Kerið í Grímsnesi. Efniviðurinn er lerki úr Kjarnaskógi. Mikil uppbygging hefur átt sér stað þar undanfarið og er gjald tekið af gestum. Ferðamenn við Kerið í gær sögðust sáttir við 400 króna aðgangseyri þar sem hann rynni til verndar náttúrunni og uppbyggingar á aðstöðu. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Hvítir bílar vinsælastir

**LÍFIÐ** Samkvæmt tölum frá Bílgreinasambandinu hefur sala nýrra bíla aukist um tæp 13 prósent frá því í fyrra og eru hvítir bílar vinsælastir, en þeir tröllríða öllu um þessar mundir. Nýjustu tölur sýna fram á að á fyrstu sex mánuðum ársins hafa selst 3.960 hvítir bílar og í öðru sæti eru svo gráir. Að sögn Arnars Sigurðssonar, ráðgjafa hjá bílaumboðinu BL, er perluhvítur vinsæll litur. „Já, perluhvítur hefur aðeins bætt í vinsældir hvíta litarins aftur,“ segir hann. **– gha, sth /** **sjá síðu 22**

## Engin bönn varðandi samfélagsmiðla

**ÍÞRÓTTIR** Landsliðskonur Íslands mega nota samfélagsmiðla að vild á meðan Evrópumótið í knattspyrnu fer fram í Hollandi. Þetta kom fram í máli landsliðsþjálfarans Freys Alexanderssonar í gær. „Landsliðsréttir Guggu og hvað þetta heitir verður allt að vera til sýnis. Við erum sammála um að það er í lagi að hafa samfélagsmiðla og taka þátt í þeim en það verður að nota þá rétt.

Þetta eru líka frekar skarpir hnífar sem við höfum í skúffunni hérna. Ég hef engar áhyggjur. Fólkið kemst nær liðinu og þær fá að sjá hvað þær eru fínar og flottar,“ segir Freyr.
**– tom /** **sjá síðu 10**

# 90 milljóna bónus eftir uppgjör Landsbankans

**Fjórir stjórnendur LBI fá að meðaltali um 90 milljónir á mann í bónus vegna fyrirframgreiðslna Landsbankans. Höfðu enga aðkomu að því að skuldin var greidd upp fyrr en ella. Milljarða króna bónuskerfi LBI virkjaðist í desember.**

**VIÐSKIPTI** Fimm fyrirframgreiðslur Landsbankans frá því um haustið 2016, samanlagt upp á um 110 milljarða, inn á skuld bankans við eignarhaldsfélagið LBI hafa skilað fjórum stjórnendum þess félags samtals á bilinu 350 til 370 milljónum í bónusa. Á meðal þeirra eru Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins, og Kolbeinn Árnason, stjórnarmaður í LBI og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Þótt stjórnendur LBI hafi þannig haft umtalsverða persónulega hagsmuni af því að Landsbankinn flýtti endurgreiðslu á skuld sinni við LBI þá höfðu þeir enga aðkomu eða áhrif á það að bankanum tókst að gera upp skuldina níu árum fyrir lokagjalddaga. Sú ráðstöfun bankans hefur samt þau áhrif að skila þeim að meðaltali um 90 milljónum á mann í bónus.

Ársæll vildi í samtali við Markaðinn ekkert tjá sig um bónusgreiðslurnar en samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar var hann með rúmar 23 milljónir í tekjur á mánuði í fyrra. LBI heldur utan um eignir gamla Landsbankans sem lauk nauðasamningum í árslok 2015.

Umfangsmikið bónuskerfi til handa stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra LBI, sem var samþykkt á aðalfundi í apríl 2016, virkjaðist um miðjan desember í fyrra, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hafa stjórnendur félagsins nú þegar fengið greiddan bónus í samræmi við skilmála kerfisins. Bónusgreiðslur sem þeir hafa tryggt sér vegna fyrirframgreiðslna Landsbankans eru aðeins lítill hluti af bónuskerfinu. Gangi tilteknar forsendur eftir um endurgreiðslur til hluthafa LBI þá gæti bónuspotturinn í heild sinni hæglega orðið um tveir milljarðar. Það jafngildir um einu prósenti af heildareignum félagsins þegar bónuskerfinu var komið á.

Hinn 22. júní tilkynnti Landsbankinn að hann hefði greitt 16,2 milljarða til LBI og þannig að fullu gert upp eftirstöðvar skuldabréfa í erlendri mynt sem voru upphaflega gefin út til slitabús Landsbankans í desember 2009. Bréfin voru með lokagjalddaga árið 2026 en Landsbankinn hefur nýtt sér sífellt betri kjör á lánamörkuðum til að sækja sér erlent fjármagn og þannig spara sér talsverðan fjármagnskostnað með því greiða upp skuldina við LBI. **– hae /** **sjá Markaðinn**



**Kolbeinn Árnason** **Ársæll Hafsteinsson**


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðríður Arnardóttir vill styttri vinnuviku. 8

**TÍMAMÓT** Náttúrulækningafélagið fagnar 80 ára afmæli. 12

**LÍFIÐ** Birgir Hilmarsson er tilnefndur til Music & Sound verðlaunanna fyrir tónlist sína í auglýsingu Thompson ferðaskrifstofunnar. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Gengur í suðaustan 8 til 13 metra á sekúndu með rigningu. Á Norður- og Austurlandi rofar til og má gera ráð fyrir allt að 17 stiga hita, en búast má við stöku skúrum síðdegis á þeim slóðum. SJÁ SÍÐU 14



**Gunnar Bergmann Jónsson mundar hrefnubyssuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Búið að landa ellefu hrefnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnuveiðimenn hafa aðeins veitt ellefu dýr það sem af er sumri og er útlit fyrir að markmið um 46 dýr á yfirstandandi vertíð náist ekki. Tveir bátar, Hrafnreyður KÓ og Rokkarinn KE, eru að veiðum í Faxaflóa en veðrið hefur sett strik í reikninginn.

„Það hefur gengið þokkalega en þetta fór ekki af stað fyrr en í byrjun júní,“ sagði Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri IP-útgerðar, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Veiðarnar hófust um mánaðamótin apríl-maí en fyrsta dýrinu var ekki landað fyrr en í annarri viku júnímánaðar.

„Það fer eftir veðri og vindum hvernig þetta þróast en báðir bátarnir eru úti núna og hvorugur kominn með neitt. Svo virðist veðrið ætla að verða leiðinlegt fram yfir helgi. Við stefndum að jafn mörgum dýrum og í fyrra eða 46. Það er ekki útlit fyrir að það náist enda þyrfti ansi margt að ganga upp til að svo yrði,“ sagði Gunnar Bergmann.

IP-útgerð gerir Hrafnreyði út og rekur vinnslu í Hafnarfirði. Fyrirtæki Gunnars hafa flutt inn hrefnukjöt frá Noregi þegar framboð hefur ekki annað eftirspurn. Að hans sögn hefur IP-útgerð ekki keypt neitt kjöt að utan á þessu ári.

„Þetta rétt slapp í vor en það var naumt. Við kláruðum allt okkar kjöt í byrjun maí og svo kom nýtt inn í byrjun júní. Við höfum því ekki þurft að flytja inn kjöt á þessu ári.“ **– hg**

# Kvennalandsliðið æfði í gær



**Íslenska kvennalandsliðið kom saman í gær og æfði á Laugardalsvelli en liðið hefur leik á EM í knattspyrnu þann 18. júlí gegn Frakklandi. Á þriðja þúsund Íslendinga verða á leiknum en íslensk tónlistarveisla verður í borginni sama dag. Dagný Brynjarsdóttir, Málfríður E. Sigurðardóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir hita upp fyrir komandi átök en úrslitaleikurinn fer fram 6. ágúst.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gunnar skrifaði tvisvar undir

**GARÐABÆR** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, og Gunnar Einarsson, stjórnarformaður fasteignafélagsins Löngulínu, undirrituðu samning í lok júní vegna slita á fasteignafélaginu. Samningurinn var lagður fram á bæjarráðsfundi í vikunni. Gunnar og Gunnar eru sami maður. Tilgangur samrunans er einföldun á eignarhaldi Garðabæjar á eigin félögum. Í greinargerð bæjarráðs, sem Gunnar bæjarstjóri skrifar undir, segir að þar sem Garðabær sé eigandi allra hluta í félaginu verði engin hlutir gefnir út í tengslum við sameininguna og hlutafé Löngulínu falli niður. Hið sama stendur í greinargerð Löngulínu, sem Gunnar stjórnarformaður skrifar undir. Gunnar bæjarstjóri var í golfi þegar Fréttablaðið náði tali af honum og baðst undan viðtali og hið sama gildir um Gunnar stjórnarformann. **– bb**

# Sá lúpínu í Fjarðabyggð

**Áhugafólk um lúpínu bregst illa við átaki gegn plöntunni í Fjarðabyggð og segist ætla að sá þar lúpínufræjum. Útbreiðsla lúpínu 35-faldaðist á fimmtán árum.**

**UMHVERFISMÁL** Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri Fjarðabyggðar, segir harða gagnrýni vegna átaks til að hefta útbreiðslu lúpínu í tveimur friðlöndum í sveitarfélaginu ef til vill byggða á skorti á þekkingu.

„Við erum að styðjast við reynslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofu Austurlands, Náttúrufræðistofu Vesturlands og Landgræðslunnar. Náttúrufræðistofnun Íslands er nýbúin að greina íslensk vistkerfi og við erum að reyna að halda í mosamóavist eða fjalldrapamóavist sem við metum mikils. Þar er krækilyng, beitilyng, bláberjalyng og aðalbláberjalyng,“ segir Anna.

„Landgræðslan hefur valið það að lúpínu skuli ekki sá nema í örfoka svæði eða sendin rofasvæði sem eru hið minnsta 500 hektarar að stærð,“ segir Anna. Í flög nálægt þéttum gróðri noti sérfræðingar Landgræðslunnar aðrar aðferðir. Þegar græða eigi upp sanda sé lúpínu ekki sáð nær en kílómetra frá þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.

„Þar hafa þeir notað til dæmis sláttargras til að loka rofabörðum sem eru með mjög frjóan jarðveg en eru með rof vegna ofbeitar eða annars álags,“ nefnir Anna sem dæmi.

Samkvæmt mati frá 2015 þakti lúpína þá 0,3 prósent af Íslandi. Mikill veldisvöxtur er kominn í plöntuna sem dreifir sér því með ört vaxandi hraða að sögn Önnu. Í Glettingi, tímariti Náttúrustofu Austurlands, árið 2016 er sagt frá kortlagningu á lúpínu með loftmyndum yfir 15 ára tímabil á tveimur svæðum í Fjarðabyggð.

„Á fimmtán ára tímabili frá 1998-2013 þrjátíu og fimmfaldaðist stærð lúpínubreiða á rannsóknasvæðinu, eða úr því að vera tæplega 1 prósent af heildarflatarmáli svæðisins í 23 prósent,“ segir í grein Náttúrufræðistofumanna. Þeir segja að þar sem lúpína sái sér í gróðurlendi minnki fjölbreytni plantna töluvert. „Mólendistegundir, á borð við beitilyng, krækilyng, sortulyng, holtasóley og blóðberg, hörfa þegar lúpína nemur land.“



**Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri Fjarðabyggðar, segir stuðst við mat sérfræðinga varðandi notkun og útbreiðslu lúpínu.** MYND/LÁRA BJÖRNSDÓTTIR

Anna segir að þegar lúpínubreiðurnar nái ákveðinni stærð fari þær inn í veldisvöxt sem vilji sé til að hamla. „Við vitum að við erum ekki að fara að eyða henni á tíu árum enda er þetta orðið svo gígantískt magn af lúpínu hér,“ segir umhverfisstjórinn.

Á vefsíðu Náttúrustofu Vesturlands segir að aðgerðir Stykkishólmsbæjar hafi skilað miklum árangri gegn lúpínu og breytt ásýnd bæjarlandsins. Mikil gróðurframvinda sé þar sem lúpína var slegin.

Áhugafólk um notkun lúpínu til uppgræðslu er með yfir 2.600 manna hóp á Facebook undir nafninu Vinir lúpínunnar. Þar vakti frétt Fréttablaðsins á fimmtudag í síðustu viku af átaki Fjarðabyggðar hörð viðbrögð flestra þó að athugasemdir annarra séu hófstilltari.

„Það besta er að úr þessu verður lúpínunni ekki útrýmt, ekki hægt. Fræin geta legið árum saman í jarðveginum og auk þess munum við öll vera dugleg við að endursá á þau svæði sem heimskan hefur níðst á,“ skrifar til dæmis Hörður Christian Sigurðsson. Fleiri en Hörður ýmist segja beint út eða gefa í skyn að þau muni einnig sá lúpínufræjum í Fjarðabyggð til að vega upp á móti aðgerðum sveitarfélagsins.

„Ef þau velja að gera það þá þurfum við bara að takast á við þau svæði sem þau dreifa á,“ svarar Anna aðspurð um þessar fyrirætlanir Vina lúpínunnar.

Hallfríður Þórarinsdóttir í Vinum lúpínunnar segir „lúpínufjendur“ vera að fá útrás fyrir innilokaða þjóðrembu. „Útrýming lúpínunnar er ekki síst tilkomin vegna þess að plantan er ekki „íslensk“ (eins og plöntur hafi þjóðerni). Það fer lítið fyrir ást á náttúrunni sjálfri í þessum aðgerðum. Þessi eyðileggingarstarfsemi er þyngri en tárum taki.“ **gar@frettabladid.is**



www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM82822








## N1 mótið á Akureyri 5.-8. júlí 2017

Í rúm 30 ár hefur N1 mótið gefið ungum fótboltaköppum tækifæri til að sýna sig, sjá aðra og taka framförum saman. Núverandi landsliðsmenn Íslands eiga góðar minningar frá mótinu og hafa með elju og dugnaði byggt ofan á þann grunn.

Mótið í ár er það fjölmennasta frá upphafi og munu alls 188 lið mæta til leiks með rúmlega 1900 leikmenn.

Við óskum mótsgestum góðrar ferðar á N1 mótið á Akureyri og hvetjum aðra til að fylgjast með leikgleðinni. Ferskt og fjölbreytt Nesti bíður ykkar á leiðinni um allt land. **Myndum frá mótinu má deila undir myllumerkinu #n1mótið.**

Alltaf til staðar

N1

# Hótelið við skíðaskálann verður minna en upphaflega var áætlað

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ekki er lengur stefnt að 210 herbergja hóteli við skíðaskálann í Hveradölum heldur hóteli með undir 150 herbergjum. Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line og framkvæmdastjóri Hveradala ehf. sem að verkefninu standa, segir minni vöxt í útgjöldum hvers ferðamanns undanfarin misseri ekki hafa spilað þarna inn í.

„Nei, það spilaði ekkert inn í þar. Það er af markaðslegum ástæðum. Varðandi lónið breytist það ekki, þarna verður í kringum 8.000 fermetra lón. Það vantar sárlega vatnstengda afþreyingu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins,“ segir Þórir.

Framkvæmdir hafa frestast við skíðaskálann í Hveradölum, en upphaflega var stefnt að því að framkvæmdir gætu hafist í vor.

„Í vetur var auglýst breyting á deiliskipulagi fyrir allt svæðið og út frá þeirri auglýsingu kom slatti af athugasemdum frá ýmsum fagaðilum og áhugasömum aðilum eins og við var að búast. Skipulagsstofnun sendi þá þessar athugasemdir til okkar og við erum núna þessa dagana að senda inn okkar svör. Það hefur tekið lengri tíma heldur en við áttum von á því að það þurfti að gera þarna ákveðnar mælingar og annað,“ segir Þórir.

„Nú vitum við ekki hvernig Skipulagsstofnun tekur í svör okkar en mér finnst þau vel fullnægjandi, ég á von á því að það geti gerst í haust. Við vonumst til að þetta skýrist á haustmánuðum og að þá verði komin framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið.“

Áætlað er að verkefnið muni kosta um fimm milljarða króna og að á svæðinu verði fjölbreytt starfsemi. **– sg**

**Við vonumst til að þetta skýrist á haustmánuðum og að þá verði komin framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið.**

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line og framkvæmdastjóri Hveradala



**Áætlað er að hótelið verði með færri en 150 herbergjum og að á svæðinu verði 8.000 fermetra lón.**



**Frá héraðsdómi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fangelsisdómar í Marple-málinu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur þyngdi í gær dóm yfir Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, í Marple-málinu svokallaða. Málið var þá tekið fyrir öðru sinni en Hæstiréttur vísaði því aftur í hérað vegna vanhæfis dómara.

Hreiðar var dæmdur í tólf mánaða fangelsi og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, í átján mánaða fangelsi. Skúli Þorvaldsson fjárfestir fékk sex mánaða dóm en Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi fjármálastjóri bankans, var sýknuð í málinu. **– sks**

## Leyfði mögulega lyfjuðum lækni ekki að tjá sig

**STJÓRNSÝSLA** Forstjóra heilbrigðisstofnunar bar að veita lækni við stofnunina færi á að tjá sig um kvartanir gegn honum.

Þetta kemur fram í áliti umboðsmanns Alþingis.

Læknirinn var á bakvakt þegar hann var kallaður út í maí 2015. Tveir af átta á vettvangi höfðu orð á því að hann hefði verið undir áhrifum efna.

Mun hann hafa verið „valtur á fótum, þvoglumæltur og bar þess merki að vera undir áhrifum lyfja“.

Í niðurstöðu umboðsmanns segir að áður en stofnunin sendi erindið til Landlæknis hefði henni borið að rannsaka málið nægjanlega. **– jóe**

# Séra Halldór sakar kirkjuráðið um ólöglega meðferð fjármuna

**Formaður byggingarnefndar Stórólfshvolssóknar hafnar skýringum framkvæmdastjóra kirkjuráðs á að styrkur til kirkjubyggingar er ekki greiddur og sakar kirkjuráð um ólöglega tilfærslu á fé til Biskupsstofu.**

**TRÚFÉLÖG** Séra Halldór Gunnarsson, formaður byggingarnefndar Stórólfshvolssóknar, segir Odd Einarsson, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, ekki virðast skilja deilu sóknarinnar við kirkjuráð vegna styrkja til kirkjubyggingar sem ekki hafa skilað sér.

Halldór segir ágreining hafa verið milli sóknarnefndar og byggingarnefndar Stórólfshvolssóknar við kirkjuráð frá árinu 2011. Forsagan sé sú að kirkjuráð hafi ákveðið um miðjan desember 2010 að veita 10 milljónir króna til undirbúnings kirkjubyggingar á Hvolsvelli og tilkynnt þá ákvörðun formlega með bréfi rúmum mánuði síðar þar sem tiltekið hafi verið hvaða mánuði ársins sá styrkur yrði greiddur út.

„Ári síðar fékk sóknin verktakamiða um að þessi greiðsla hefði verið innt af hendi, sem kirkjuráð stóð ekki við og hefur síðan mótmælt, fyrst með framkvæmdastjóra kirkjuráðs og lögfræðingum Biskupsstofu,“ segir Halldór. Þegar ágreiningurinn hafi verið sendur til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar 2015 hafi kirkjuráð tapað málinu en síðan unnið það fyrir áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Einnig hefur verið sagt frá því að Stórólfshvolssókn hefur stefnt þjóðkirkjunni fyrir dómstóla vegna málsins á þeim grundvelli að ekki hafi verið skipaðir sérfróðir menn í áfrýjunarnefndina.

„Þetta mál er einfalt, sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs virðist ekki skilja,“ segir Halldór. Alvarlegra sé að Oddur vísi rangt til um framhald mála eftir að fyrstu 10 milljónir styrksins áttu að greiðast. Oddur vitni til leiðbeininga frá kirkjuráði fyrir greiðslur úr Jöfnunarsjóði sókna sem aðeins hafi átt við árið 2006 og ekki verið staðfestar með starfsreglum eða reglugerð. Um Jöfnunarsjóðinn gildi hins vegar reglugerð ráðherra frá árinu 1991.

„Þar segir nákvæmlega hvað eigi að fylgja umsókn, það er að segja kostnaðar- og framkvæmdaráætlun, ásamt teikningum en hvergi er minnst á þarfagreiningu, sem kirkjuráð aftur og aftur hefur sagt að liggi ekki fyrir þó að hún hafi verið unnin og send kirkjuráði ásamt áætlun um fjármögnun ef kirkjuráð stæði við úthlutun til undirbúnings og síðan sitt vilyrði, samtals 90 milljónir til byggingarinnar,“ útskýrir Halldór.

„Alvarlegast er hvernig kirkjuráð hefur meðhöndlað ólöglega fjármuni Jöfnunarsjóðs sókna allt frá hruni, með greiðslum úr Jöfnunarsjóði sókna til kirkjumálasjóðs og biskupsstofu, til dæmis í þessu eina máli með ákvörðun kirkjuráðs á fundi 9. júní 2015, þegar ágreiningsmálin voru til úrskurðar hjá úrskurðarnefndinni, að fella niður vilyrði um greiðslu úr Jöfnunarsjóðnum til Stórólfshvolssóknar að upphæð 30 milljónir og greiða í þesst stað úr Jöfnunarsjóðnum 33 milljónir til Biskupsstofu,“ segir Halldór Gunnarsson. **gar@frettabladid.is**



**Stórólfshvolssókn deilir við þjóðkirkjuna um styrki til að byggingar nýrrar kirkju á Hvolsvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Alvarlegast er hvernig kirkjuráð hefur meðhöndlað ólöglega fjármuni Jöfnunarsjóðs sókna allt frá hruni.**

Halldór Gunnarsson, formaður byggingarnefndar Stórólfshvolssóknar






Nú tvær nýjar tegundir!
GRILL-
MATURINN
ELSKAR
Þykkvabæjar
BEARNAISE
KARTÖFLUSALAT
Þykkvabæjar
Nýtt
SÆTKARTÖFLU
SALAT
400 gr.
Þykkvabæjar
Nýtt







GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - www.gardlist.is









**Ferðamenn eru ánægðir með að verið sé að koma upp stiga við kerið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ferðamenn sáttir við aðgangseyri í Kerið

**Fréttablaðið tók nokkra ferðamenn tali og spurði hvað þeim fyndist um aðgangseyri í Kerið. Aðgangsstýring hefur verið mikið í umræðunni á ferðamannastöðum sem og hversu dýrt Ísland er orðið fyrir ferðamenn. Ferðamennirnir voru almennt sáttir við að greiða 400 krónur í aðgangseyri.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**FERÐAÞJÓNUSTA** Gjaldtaka hófst við Kerið árið 2013, en það er fjölsóttur ferðamannastaður í Grímsnesi á Suðurlandi. Frítt er fyrir börn undir tólf ára aldri.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, hefur talað fyrir aukinni gjaldtöku í ferðaþjónustu frekar en skattahækkun á greinina. „Við höfum ekki skoðað gjaldtökuna sérstaklega við Kerið. En við höfum lagt áherslu á að ef menn ætla að stofna til gjaldtöku þá sé það fyrir virðisaukandi þjónustu, að þar sé aðstaða sem sé verið að rukka fyrir ekki bara að horfa á náttúruna,“ segir Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ferðamenn sem Fréttablaðið ræddi við voru almennt sáttir við gjaldtökuna og voru sérstaklega ánægðir með uppbygginguna á svæðinu. Flestum þótti Ísland dýr áfangastaður, sérstaklega að fara út að borða, en höfðu flestir verið varaðir við kostnaðinum sem fylgdi ferð hingað.

## Matteo
*frá Rúmeníu*



Mér finnst aðgangsgjald góð hugmynd vegna náttúruverndar. Mér finnst verðið sanngjarnt. Ég bý í Noregi og finnst Ísland því ekki dýrt.

## Christian
*frá Frakklandi*



Mér finnst þetta vera sanngjarnt. Ég er vanur aðgangsgjaldi á ferðalögum. Ísland er ekki dýrt. Verðlagið er í samræmi við það sem ég bjóst við. Við komum í gær og höfum ekki borgað fyrir neinar aðrar náttúruupplifanir.

## Aaron og Tory Thompson
*frá Bandaríkjunum*




Aðgangsgjaldið var innifalið í túrnum okkar en verðið virðist sanngjarnt. Við borgum fyrir þjóðgarða í Bandaríkjunum. Allt virðist dýrt á Íslandi en við áttum von á því. Auk þess er Ísland eyja og maður borgar alltaf meira á eyjum.

## Bo
*frá Svíþjóð*



Mér finnst sanngjarnt að borga. Ég hef borgað fyrir aðgang að þjóðgarði líka í ferðinni. Mér finnst ódýrt að ferðast hér um þar sem er nánast hvergi gjaldtaka. Maturinn er þó mjög dýr.

## Yvonne
*frá Þýskalandi*



Mér finnst allt í lagi að borga, þetta er í fyrsta sinn sem við höfum þurft að borga fyrir eitthvað í ferðinni. Allt er dýrt á Íslandi, við vöndumst því en við erum á heimleið á morgun. Ég var vöruð við því en var samt í sjokki yfir því. Sérstaklega verðlagningu matar og gistingar.

## Christina og Inga
*frá Kanada*




Okkur finnst verðið ekki vandamál, sérstaklega þegar peningurinn er notaður í uppbyggingu og viðhald á svæðinu. Það er frábært að verið sé að koma upp stiga hér. Við borgum fyrir aðgang að þjóðgörðum í Kanada. Ísland er dýrt en við vissum það áður en við komum. Okkur finnst það samt þess virði að koma.

## Michaela
*frá Austurríki*



Verðið er í lagi fyrir bílastæði og viðhald á svæðinu, þetta er þess virði. Ég fór til Perú á síðasta ári og þá þurfti að borga fyrir hluti eins og þetta. Ísland er dýrt. Við vissum það og ferðumst um í húsbíl og tókum því allt með okkur.

## Boris
*frá Bandaríkjunum*



Mér finnst verðið sanngjarnt, fjórir dollarar er ekki mjög mikið. Í gær fórum við í almenningssundlaug og borguðum sjö dollara fyrir það á mann sem hefði verið um 15 dollarar í Bandaríkjunum. Ég held að það eina sem okkur fannst virkilega dýrt sé maturinn. Nema að maður fari á bandarískan hamborgarastað, þá kosta máltíðir um eða yfir 4.000 krónur. Að fara út að borða er dýrt en matvörubúðir eru það ekki. Áður en við fórum til landsins var okkur sagt að við þyrftum að taka niðursoðinn mat með okkur því matur væri svo dýr hér. En við getum bara farið og keypt niðursoðinn mat í búðunum hér.




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Höfum hátt



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er aðdáunarvert að fylgjast með baráttu stúlknanna sem urðu fórnarlömb Róberts Árna Hreiðarssonar, nú Robert Downey, fyrir réttlæti og bættu samfélagi. Róbert Árna, sem í september 2007 hlaut þriggja ára fangelsi fyrir brot gegn fjórum unglingsstúlkum, hlotnaðist uppreist æru í september á síðasta ári og í vor staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms um að veita honum lögmannsréttindi að nýju.

Uppreist æru fyrir kynferðisglæpamann á borð við Robert hefur afleiðingar fyrir fleiri en hann. Fyrir hann felur það í sér að hann getur að nýju stundað lögmannsstörf, jafnvel varið kynferðisbrotamenn, eins og ekkert hafi í skorist. Fyrir fórnarlömb þeirra kynferðisbrotamanna geta afleiðingarnar orðið enn alvarlegri en ella, ferlið erfiðara og óttinn meiri svo dæmi sé tekið. Fyrir fórnarlömb Roberts eru afleiðingarnar ótvírætt alvarlegar. Áfallið sem brotin og eftirleikur þeirra olli stúlkunum snýr aftur af fullum þunga inn í líf þeirra og fjölskyldna þeirra. Kerfið rífur ofan af djúpum sárum sem hafa verið lengi að gróa og munu fylgja stúlkunum langa tíð með einum eða öðrum hætti. En það sem er óendanlega aðdáunarvert eru stúlkurnar og fjölskyldur þeirra sem hafa ákveðið að afleiðingarnar af þessum glórulausa og í raun grimma gjörningi, að reisa upp æru kynferðisbrotamanns, verði til góðs fyrir samfélagið.

Verði til góðs fyrir aðrar stúlkur sem mögulega eru í sömu stöðu og fyrir tilstilli opinnar umræðu finni kjark til þess að leita sér hjálpar. Verði til góðs fyrir samfélag sem greinilega þarf að gera betur til þess að vernda möguleg fórnarlömb kynferðisofbeldis og styðja með mannsæmandi og faglegum hætti þá sem fyrir því verða, eins lengi og þarf og sama hvað það kostar. Verði til góðs fyrir þá sem hafa haft hug á því að beita kynferðisofbeldi í þá veru að viðkomandi átti sig og leiti sér hjálpar áður en slík voðaverk eru unnin. Verði til góðs fyrir stjórnsýslu þar sem enginn tekur ábyrgð en kjörnir ráðamenn skrifa undir pappíra fyrir embættismenn í fullkomnu ábyrgðar- og hugsunarleysi, á sama tíma og nöfn meðmælenda kynferðisbrotamanna njóta verndar og leyndar. Það er vonandi að viðkomandi einstaklingar; embættismenn, ráðamenn og meðmælendur, líti í eigin barm og beri hugrekki sitt, framferði og manngildi saman við hugrekki stúlknanna.

Fréttir koma og fara. Það er eðli fjölmiðla að fjalla um fréttamál, tæma þau mögulega og halda síðan áfram. Fólk vill fá nýjar fréttir og það er í sjálfu sér eðlilegt. En skaðinn sem Robert Downey og nú íslenska ríkið er búið að valda hverfur ekki með sama hraða – langt frá því. Stúlkurnar og fjölskyldur þeirra hafa því farið þá leið að heyja þessa baráttu á öllum vígstöðvum og þá kemur netið sér vel. Þar eru öll skrif, hvatningar og samstaða merkt með myllumerkinu #höfumhátt og það skulum við líka gera. Við skulum hafa hátt með þeim og láta vita að við sættum okkur ekki við svona vinnubrögð og lítilsvirðingu gagnvart þeim sem síst skyldi. Við skulum hafa hátt fyrir þá sem þurfa á því að halda. Hafa hátt og búa til betra samfélag.

> **Það er vonandi að viðkomandi einstaklingar; embættismenn, ráðamenn og meðmælendur, líti í eigin barm og beri hugrekki sitt, framferði og manngildi saman við hugrekki stúlknanna.**





- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli


## Halldór




## Frá degi til dags

**Samfélagsábyrgðin**

**Umfjöllun fjölmiðla fyrir síðustu áramót um illa meðferð eggjaframleiðanda á hænum vakti athygli. Neytendur sýndu samfélagsábyrgð og tóku meðvitaða ákvörðun um að hundsa vörur frá fyrirtæki sem skeytti engu um velferð dýra. Nú ber svo við að sagðar hafa verið fréttir af verslanakeðjunni H&M sem kaupir textílefni í stórum stíl af mengandi verksmiðjum í Asíu. Kraftar illa launaðra verkamanna eru svo nýttir við framleiðslu á vörunum. Það verður spennandi að sjá hvernig íslenskur almenningur bregst við þegar H&M kemur til landsins í haust. Hvort staðfestan þegar kemur að samfélagsábyrgð sé næg til þess að neytendur geti tekið afstöðu með velferð umhverfis og verkalýðs í útlöndum eða hvort þeir lyppist niður, fyllist kaupæði og myndi biðröð fyrir utan búðina.**

**Árangurslaus harmakvein**

**Það er merkilegt að rýna í nýjustu skoðanakönnun Gallup á fylgi flokkanna. Stjórnarflokkarnir hafa vissulega allir tapað fylgi. Minni flokkarnir tapa reyndar svo miklu að þeir væru að berjast fyrir tilvist sinni á Alþingi ef kosið væri nú. En það vekur ekki síður athygli að þrátt fyrir að vera í minnihluta, með tiltölulega óvinsæla ríkisstjórn, eru Píratar í svipuðu fylgi og í síðustu kosningum. Harmakveinin úr þeirri átt virðast ekki ná til kjósenda.**

jonhakon@frettabladid.is

# Gerum kröfu um styttri vinnuviku



Guðríður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Íslendingar eru með fjórðu lengstu vinnuviku í Evrópu og hlutfall Íslendinga sem vinna meira en 50 stundir á viku er þriðja hæst í álfunni. Landsframleiðsla er hins vegar ekki í samræmi við lengd vinnuvikunnar sem þýðir að afköst haldast ekkert endilega í hendur við lengd vinnudags. Jákvæð áhrif styttri vinnuviku hafa verið skoðuð bæði hérlendis og erlendis. Reykjavíkurborg átti frumkvæði að tilraunaverkefni vorið 2015 þar sem vinnuvika á völdum vinnustöðum borgarinnar var stytt í 35 stundir. Niðurstöðurnar voru afgerandi þar sem andleg líðan, líkamleg líðan og starfsánægja mældist marktækt betri og meiri á „tilraunavinnustöðunum“ og um leið dró úr langtímaveikindum.

Vinnuvikan var stytt úr 44 í 40 stundir með lögum árið 1971. Síðan þá hefur ekkert verið gert og allt of lítið rætt um frekari styttingu vinnuvikunnar.

Nú, nærri hálfri öld síðar, þegar smjör virðist aftur farið að drjúpa af hverju strái er lag að stíga fleiri skref í átt til styttingar vinnuvikunnar, til dæmis úr 40 stundum í 35.

Þjóð sem bryður þunglyndislyf í meiri mæli en aðrar þjóðir hefði örugglega gott af því að eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum. Kulnun í starfi og langtímaveikindi kosta samfélagið gríðarlegar fjárhæðir og yrði stytting vinnuvikunnar til þess að auka afköst og gleði þjóðarinnar eru fá rök sem mæla gegn henni.

En það sem mestu máli skiptir varðar börnin okkar. Þau myndu svo sannarlega þiggja að komast fyrr heim úr skólanum og eyða meiri tíma með foreldrum sínum. Skóladagurinn í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskólans er yfirleitt allt of langur og brýnt að stytta hann.

Launþegahreyfingin þarf að taka höndum saman og gera kröfu um styttri vinnuviku í komandi samningalotu. Þetta er verkefni sem við þurfum að vinna saman fyrir alla. Væri ekki gott að stimpla sig út klukkutíma fyrr alla daga og knúsa krakkana?

> **Skóladagurinn í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskólans er yfirleitt allt of langur og brýnt að stytta hann.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,
ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Júdas, lax og Símon



**Pétur G. Markan**
sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga

Þröstur Ólafsson reit grein í Fréttablaðið fyrir skemmstu sem bar yfirskriftina Júdasar í Jökulfjörðum. Í greininni fer Þröstur um víðan umhverfisvöll, er vonlítill, enda mennirnir vitgrannir sem stjórna löndunum.

Þröstur staldrar við helsta verkefni mannkyns um þessar mundir, sem eru umhverfismál í formi útblásturs og kolefnisspora. Þar er ég ekki bara sammála greinarhöfundi, heldur slá hjörtu okkar í takt. Loftslagsmál eru sá málaflokkur sem maðurinn hefur ekki náð tökum á, þróunin fer versnandi og ef ekki verður fyrir samhent átak allra þjóða heimsins þá endar vegferð mannkyns mun fyrr en áætlað var. Í þessu samhengi er vel hægt að skilja upphaf greinar Þrastar, um vitgranna leiðtoga, sem t.d. afneita nýgerðu Parísarsamkomulagi.

Eftir þetta kemur að mengandi laxeldi í flestum fjörðum Íslands. Þar missir Þröstur flugið. Orðrétt segir hann m.a. um laxeldisuppbygginguna; „… sem miða að því að fylla sem flesta firði landsins mengandi laxeldi“.

Það skal fyrst nefna að í reglugerð, sem gefin var út af Guðna Ágústssyni, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var stærsta skref við verndun villtra laxastofna tekið frá upphafi íslenskrar stjórnsýslu. Það var gert með því að loka bróðurparti allrar íslenskrar strandlengju fyrir sjóeldi. Ég gef mér að Þröstur hafi einfaldlega ekki vitað þetta, varla fer virðulegur hagfræðingur vísvitandi með rangt mál.

Þröstur fullyrðir að iðnaðurinn sé mengandi, og slíkt verður ekki lesið öðruvísi en í samhengi við fyrri hluta greinar Þrastar. Er Þröstur virkilega svo illa áttaður í málinu að hann veit ekki að laxeldi er líkast til umhverfisvænsti matvælaiðnaður sem til er, sé litið til útblásturs og kolefnisspora. Sjóeldi er nútímaleg matvælaframleiðsla, ábyrgur iðnaður, sem getur vel verið ein af lausnum mannkyns við að fæða fleiri munna í sátt við umhverfi og framtíð. Með vísan í áhyggjur Þrastar um umhverfisspillingu og vitlausa menn, vil ég benda á að líkast til eru fáar matvælagreinar jafn lofandi fyrir framtíðina.

Staðreyndin er sú að Vestfirðir, suður- og norðursvæði, eru opnir fyrir sjóeldi. Í gildi eru reglugerðir og lög, sem heimila atvinnustarfsemina, svo lengi sem hún rúmast innan sömu laga og reglna. Til þess að fá starfsleyfi, þarf umsækjandinn m.a. að standast umhverfismat, faglega unnið mat vísindamanna, sem segir til um hvort starfsemi hafi, allt frá verulegum til óverulegra, áhrif á umhverfið. Þröstur gleymir að minnast á það.

**Fiskeldi á Vestfjörðum hefur virkað sem kraftaverkalyf á byggðarlög, sem heltekin voru af hrörnunarsjúkdómi. Sá sem hefur vaknað eldsnemma á Bíldudal, fundið driftina í mannlífinu á leið til vinnu, orkuna, hamarshöggin og baráttuna um lausu bílastæðin, skilur hvað fiskeldi hefur fært inn í vestfirskt samfélag, líf, vöxt og menningu.**

Fiskeldi á Vestfjörðum hefur virkað sem kraftaverkalyf á byggðarlög, sem heltekin voru af hrörnunarsjúkdómi. Sá sem hefur vaknað eldsnemma á Bíldudal, fundið driftina í mannlífinu á leið til vinnu, orkuna, hamarshöggin og baráttuna um lausu bílastæðin, skilur hvað fiskeldi hefur fært inn í vestfirskt samfélag, líf, vöxt og menningu.

Þröstur segir í grein sinni að fiskeldi skili sáralitlum virðisauka, en auki einungis útgjöld og mengun.

Í dag eru 180 bein störf í kringum fiskeldi á Vestfjörðum, skattspor nær milljarði. Í áætlunum fiskeldisfyrirtækja er gert ráð fyrir 700-800 beinum störfum – sé miðað við að varfærnislegt burðarþol Hafrannsóknastofnunar verði nýtt. Í verðmætum má reikna með 60 milljörðum í útflutningstekjur.



### Nútímaleg og ábyrg bylting

Menntun og rannsóknir tengdar sjóeldi munu aukast á svæðinu. Afleidd þjónusta mun vaxa samhliða fiskeldi. Í fáum orðum er hér um nútímalega og ábyrga byltingu að ræða, á svæði sem er efnahagslega og lýðfræðilega kalt.

Að fullyrða, eins og Þröstur gerir, að fiskeldi muni engu skila inn á Vestfjarðasvæðið, er eins og að fullyrða að stærri atvinnugreinar eins og m.a. stórútgerð og ferðaþjónusta, skili engu inn á stórhöfuðborgarsvæðið, þar sem Þröstur býr.

Það getur vel verið að Jökulfirðir verði ekki fiskeldissvæði á Vestfjörðum. Sjálfur gæti ég verið hlynntur slíkri ákvörðun. Framundan er vinna við sameiginlegt svæðisskipulag á Vestfjörðum. Þar verður m.a. leitt í ljós hvernig menn ná sameiginlegri sýn á nýtingu Ísafjarðardjúpsins, og þá Jökulfjarða. Það getur vel orðið niðurstaða að Jökulfirðir fái annað hlutverk í framtíð Vestfjarða. En það verður tæpast á þeim forsendum að fiskeldi sé svo mengandi. Slíkar ákvarðanir þurfa að byggja á staðreyndum og rökum.

Staðreyndin er sú að Vestfirðir eru leiðandi afl í umhverfismálum á Íslandi, sem stóriðjulaus fjórðungur, þar sem öll sveitarfélögin eru silfurvottuð af umhverfisvottunarsamtökunum EarthCheck.

Útblástur og kolefnisspor eru byssan með kúlunni, sem ógnar framtíð jarðar. Þröstur hefur eðlilega áhyggjur. Það er því með vestfirsku faðmlagi, sem hann er upplýstur um að Vestfirðir eru stóriðjulausir og hafa ákveðið að vera það í framtíðinni. Sá sem selur framtíð jarðarinnar fyrir 30 silfurpeninga gerir tilkall til ógæfusama lærisveinsins. Sá sem skrifar gegn betri vitund gerir einnig tilkall til ógæfunnar.

Svo eru aðrir að vinna hörðum höndum að uppbyggingu fjórðungs, sem hefur farið halloka síðustu áratugi, á ábyrgan og umhverfisvænan hátt. Hafna stóriðju og lifa í langtímasambandi við land og láð. Þeir svara kallinu Símon og eru að byggja upp öfluga kirkju á Vestfjörðum, svona ef menn þurfa að blæta með biblíuna.

**visir.is** Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.

















Landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir teygir fyrir fyrstu æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær en þar hófst formlega æfingatörn stelpnanna okkar áður en þær halda til Hollands 14. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Safna orku fyrir EM

**Stelpurnar okkar spila ekki annan vináttulandsleik fyrir EM 2017 í Hollandi sem hefst um miðjan mánuðinn. Næstu dagar fara í það að safna orku.**

**FÓTBOLTI** Formlegur undirbúningur kvennalandsliðsins í fótbolta fyrir EM 2017 hófst í gær þegar stelpurnar æfðu á Laugardalsvelli en nú eru aðeins ellefu dagar þar til þær fljúga út til Hollands og fimmtán dagar þar til þær mæta stórliði Frakklands í fyrsta leik.

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari fékk ekki alla leikmenn sína heila á æfingar enda álagið verið mikið á stelpunum að undanförnu, sérstaklega þeim sem spila hér heima.

„Það var umferð á sunnudaginn og Rakel Hönnudóttir kom sköðuð til móts við okkur. Hún er með væga tognun í nára. Við sjáum til hvernig staðan á henni verður í lok vikunnar. Þetta lítur ágætlega út í dag en miðað við álagið sem er á hópnum þá held ég að þetta hafi sloppið ágætlega til,“ segir Freyr en hann sat fyrir svörum á blaðamannafundi fyrir æfinguna í gær ásamt fyrirliðanum Söru Björk Gunnarsdóttur og markverðinum Guðbjörgu Gunnarsdóttur.

Báðar sögðust vera í góðu formi en Sara Björk fékk verðskuldað frí eftir að hafa spilað nánast án þess að stoppa í rúmt ár eftir vistaskiptin frá Svíþjóð til Þýskalands.

> **Þetta snýst bara um að vera klókur og rugga ekki bátnum að óþörfu.**
>
> Freyr Alexandersson

### Ánægðar með ákvörðunina

Freyr Alexandersson tók þá ákvörðun þegar hann var að skipuleggja undirbúninginn fyrir EM að spila ekki leik fyrir mótið. Ísland mætti síðast Írlandi og Brasilíu í síðasta mánuði en ansi langt er á milli leikja hjá íslenska liðinu.

„Það kom til greina að spila en maður þarf að velja og hafna. Ég hef tíu daga núna þar til ég fer út með liðið. Þær eru hnjaskaðar og þreyttar og ég hefði ekki fengið neitt út úr leik,“ segir Freyr sem ætlar að nýta tímann núna fram að móti til að ná krafti aftur í stelpurnar sem hafa verið undir miklu álagi.

„Við þurfum að fá allan kraftinn út úr hópnum og hafa hann ferskan. Það hefði vissulega verið gott fyrir Dagnýju Brynjars og Söru Björk og Hörpu að spila en það hefði bitnað á hópnum. Við munum frekar æfa mjög vel og skipulega og einbeita okkur að leikfræðinni. Á sama tíma þurfum við að ná krafti inn í hópinn. Við þurfum að hafa leikmennina ferska. Þetta er ákvörðun sem var tekin fyrir löngu. Við erum að safna orku.“

Markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir tekur undir orð landsliðsþjálfarans.

„Sem leikmanni finnst mér fínt að fá núna tvær vikur til að æfa pínulítið eins og félagslið. Fyrir síðasta hitting fengum við þrjá daga áður en við spiluðum á móti Írlandi og þá eru allar æfingar bara miðaðar út frá því hvernig við ætlum að spila á móti næsta mótherja. Það er geggjað að fá núna tíu æfingar og fyrir mig sjálfa að ná upp kemestríu með varnarmönnunum er frábært en ekki vera alltaf bara að einbeita sér að einum leik. Það er dýrmætt að fá æfingatíma,“ segir hún.

### Passa sig á samfélagsmiðlum

Samfélagsmiðlar verða með hverjum deginum stærri hluti af fótboltanum og íþróttum almennt. Þeir geta þó einnig verið til mikilla vandræða eins og í vikunni þegar Andri Rúnar Bjarnason, framherji Grindavíkur og kærasti Rakelar Hönnudóttur, sagði Söndru Maríu Jessen landsliðskonu vera heilalausa er hún „lækaði“ tíst um að Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, markvörður Þórs/KA, ætti frekar að vera í landsliðinu en Blikinn Sonný Lára Þráinsdóttir.

Freyr segist ekki vera með nein boð og bönn er varðar samfélagsmiðlanotkun á mótinu. Hann í raun fagni þessu tóli til að leikmenn geti gefið meira af sér en auðvitað þarf að passa sig.

„Nei, það er ekkert bannað. Gugga verður að safna „followers“,“ segir Freyr léttur. „Landsliðsréttir Guggu og hvað þetta heitir verður allt að vera til sýnis. Við erum sammála um að það er í lagi að hafa samfélagsmiðla og taka þátt í þeim en það verður að nota þá rétt. Við höfum rætt þetta áður og þetta snýst bara um að vera klókur og rugga ekki bátnum að óþörfu. Þetta eru líka frekar skarpir hnífar sem við höfum í skúffunni hérna. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Þetta er bara fínt. Fólkið kemst nær liðinu og þær fá að sjá hvað þær eru fínar og flottar og allir sáttir,“ segir Freyr Alexandersson. **tomas@365.is**


Sakya
Við tjöldum því besta
Yfir 30 gerðir af tjöldum
HILLEBERG
THE TENTMAKER
Vango
1,65 kg
Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 16.995,-
3 manna verð kr. 18.995,-
Vango F10 Xenon UL
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 54.995,-
2 manna+ verð kr. 64.995,-
Vango Banshee
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 26.995,-
Vango Helix
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 25.995,-
3 manna verð kr. 28.995,-
Vango Tempest
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 30.995,-
3 manna verð kr. 35.995,-
Vango Pulsar
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 37.995,-
3 manna verð kr. 43.995,-
Vango Drummond
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 54.995,-
Vango Blade
5000mm vatnsheldni
1 manns verð kr. 20.995,-
Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 29.995,-
4 manna verð kr. 36.995,-
Vango Iris
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 65.995,-
6 manna verð kr. 75.995,-
Vango Ravello Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 115.995,-
Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 46.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 52.995,-
Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum
MAMMUT
PRIMUS
OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG
THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is
Popti La
19080

# Lítið breyst á 80 árum

**Náttúrulækningafélag Íslands er 80 ára í dag. Næringarfræðingurinn Geir Gunnar Markússon segir félagið gegna mikilvægu hlutverki hvað varðar heilsu og lifnaðarhætti landsmanna.**

Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) var stofnað á Sauðárkróki 5. júlí árið 1937 og fagnar því 80 ára afmæli sínu í dag. Geir Gunnar Markússon, ritstjóri NLFÍ, segir hlutverk félagsins vera veigamikið. „NLFÍ er einn öflugasti vörður um heilsusamlega lifnaðarhætti á Íslandi,“ segir Geir Gunnar.

„Hlutverk NLFÍ hefur frá stofnun verið að kenna einstaklingum að bera ábyrgð á eigin heilsu með heilsusamlegum lifnaðarháttum. Þetta hlutverk hefur ekki mikið breyst þó vissulega hafi orðið áherslubreytingar með miklum breytingum á lifnaðarháttum Íslendinga á 80 árum. Á síðustu árum er NLFÍ mikið að vinna að bættri heilsu landsmanna með fræðslu um stress og afleiðingar þess, hreyfingarleysi, óhóflegt sykur- og skyndibitaát, náttúru- og umhverfisvernd, lífræna ræktun og fleira,“ segir Geir Gunnar spurður út í hlutverk NLFÍ og hvernig það hefur breyst á 80 árum. Að sögn Geirs sinnir starfsfólk NLFÍ fjölbreyttum störfum. „Þessa stundina er starfsfólk NLFÍ að skipuleggja Landsþing NLFÍ sem haldið verður í september. Landsþingin eru haldin á tveggja ára fresti og á þeim eru gefnar út ályktanir sem eru grunnur að starfi og áherslum NLFÍ næstu tvö árin.

Svo verða ýmis námskeið haldin hjá NLFÍ á næstunni, starfsfólk er að skipuleggja þau. Þar er meðal annars grasaferð, sveppatínsluferð og matreiðslunámskeið. Fræðslunefnd NLFÍ heldur svo málþing um hin ýmsu heilsutengdu málefni árlega og er vinna að næsta málþingi hafin. Auk þessara starfa er höfuðmarkmið starfsfólks NLFÍ alla daga ársins að lifa og starfa eftir einkunnarorðum félagsins „Berum ábyrgð á eigin heilsu“.

Heilsan er okkar dýrmætasta eign. Það getur enginn borið þessa ábyrgð fyrir okkar og síst af öllu fjársvelt og sjúkdómavætt heilbrigðiskerfi,“ segir Geir Gunnar sem er þeirrar skoðunar að heilsa landsmanna væri bágbornari ef ekki væri fyrir NLFÍ. „Við Íslendingar höfum margt til þess að geta verið ein heilsusamlegasta þjóð heims. Hér höfum við ofgnótt af heitu og köldu vatni, hreinu lofti og ósnortinni náttúru. Við þurfum að spyrna við fótum í framboði á skyndibitastöðum, sælgæti, hreyfingarleysi og stressinu sem nútímasamfélag veldur okkur.

Afmælinu verður fagnað með hátíð á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki og þar verður meðal annars flutt erindi um Jónas Kristjánsson lækni og sýnd verða brot úr heimildarmynd sem er í vinnslu um ævi og störf Jónasar. Ýmis skemmtiatriði verða í boði svo sem einsöngur með undirleik,“ segir Geir Gunnar aðspurður hvernig afmælinu verði fagnað.

**gudnyhronn@365.is**



**Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur og ritstjóri NLFÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



Okkar yndislegi
**Óli Ólafsson**
( Óli í Holti )
sjómaður,
sem andaðist 3. júlí sl. verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju sunnudaginn 9. júlí kl. 14.

**Lilja Þórarinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær móðir mín og tengdamóðir,
**Guðríður Ólafía Vestmann Nikulásdóttir**
lést á Landspítalanum, laugardaginn 1. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðný María Bragadóttir** **Einar Rúnar Ísfjörð**

---



Okkar ástkæri
**Joseph Lee Lemacks**
verslunarmaður,
Dofraborgum 15, Reykjavík,
lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 30. júní.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. júlí klukkan 13.

**Eygló Jósephsdóttir**
**Agnar Tr. Lemacks** **Kristjana B. Stefánsdóttir**
**Árný Elsa Lemacks** **Hilmar Thor Hilmarsson**
**Böðvar Darri Lemacks** **Ingadóra Snorradóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurjón Jónsson**
Bólstaðarhlíð 41,
lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund sunnudaginn 2. júlí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Ágúst Sigurjónsson** **Sesselja Hrönn Jensdóttir**
**Helga Jónína Sigurjónsdóttir** **Hafsteinn Már Ársælsson**
**Guðný Sigurjónsdóttir** **Svavar M. Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,
**Gísli Oddsson**
Fifuseli 16, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 30. júní. Útför hans fer fram frá Seljakirkju, þriðjudaginn 11. júlí kl. 13.

**Guðný Ragnarsdóttir**
**Sigurrós Gísladóttir**
**Vilborg Gísladóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,
**Guðmundar Lárussonar**
verkefnastjóra hjá Isavia,
Pósthússtræti 1,
Keflavík.
Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Jóna Hróbjartsdóttir**
**Lárus F. Guðmundsson** **Ásta B. Ragnarsdóttir**
**Ágúst Þ. Guðmundsson** **Lóa Rut Reynisdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Auður Viktoría Þórisdóttir**
Rekagranda 1,
lést á Landspítala við Hringbraut þann 14. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Björgúlfur Pétursson** **Hjördís S. Pálsdóttir**
**Steindór J. Pétursson** **Aðalbjörg Pálsdóttir**
**Þóra Pétursdóttir** **Steingrímur Haraldsson**
**Pétur Pétursson** **Hildur Ómarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Hrafnkell Guðjónsson**
stýrimaður og kennari,
lést miðvikudaginn 14. júní 2017, á Hjúkrunarheimilinu Eir.
Útförin fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 7. júlí klukkan 13.00.

**Soffía Hrafnkelsdóttir** **Einar Gunnar Einarsson**
**H. Jóhanna Hrafnkelsdóttir**
**Heimir Hrafnkelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa,
**Ragnars Hilmars Þorsteinssonar**
múrarameistara,
Jötunsölum 2, Kópavogi.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki göngudeildar hjartabilunar, 10E, fyrir alúð og umhyggju.

**Kristín Hrefna Kristjánsdóttir**
**Guðlaug Ragnarsdóttir** **Birgir Bjarnason**
**Kristján Hjálmar Ragnarsson** **Kristjana Una Gunnarsdóttir**
**Sigríður Ragnarsdóttir** **Trausti Gylfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,
**Tómasar Á. Tómassonar**
fyrrum sendiherra,
Espigerði 4,
Reykjavík.
Sérstakar þakkir fá starfsmenn hjúkrunarheimilisins Sóltúns, deildar K1 á Landakoti og heimahjúkrunar í Laugardals- og Háaleitishverfi, fyrir frábæra og faglega umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Hjördís Gunnarsdóttir**
**Jón Tómasson** **Evelyn Tómasson**
**Ingibjörg Tómasdóttir** **Hannes Þ. Bjarnason**
**Tómas Tómasson** **Jennifer Tómasson**
**Árni Tómasson** **Salvör Thorlacius**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,
**Eggert Heiðar Jónsson**
Skarðshlíð 31f, Akureyri,
lést á heimili sínu föstudaginn 30. júní.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 11. júlí klukkan 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynninguna á Akureyri.

**Guðbjörg Ingileif Jónasdóttir**
**Magnús Þór Eggertsson** **Bergþóra Steinunn Stefánsdóttir**
**Heiðar Ingi Eggertsson** **Hildur Björg Ragnarsdóttir**
**Jónas Páll Marinósson** **Helga Rós Einarsdóttir**
**María Hólmfríður Marinósdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Cecilia Steingrímsdóttir**
**Jóhann Steinar Jónsson** **Hulda Einarsdóttir**
**Heiðrún Helga Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. júlí 2017 — 26. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# 370 milljóna bónus til lykilstjórnenda LBI




**Fimm fyrirframgreiðslur Landsbankans inn á skuldina við LBI tryggðu fjórum stjórnendum gamla bankans að meðaltali um 90 milljónir á mann í bónus. Höfðu samt enga aðkomu eða áhrif á að skuldin var greidd upp sjö árum fyrir lokagjalddaga. Umfangsmikið bónuskerfi LBI virkjaðist í lok síðasta árs.**

»4

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Fækkar um 30% í gjaldeyriseftirliti

Um fjórum mánuðum eftir afnám hafta starfa 16 manns í gjaldeyriseftirliti Seðlabankans og hefur fækkað um sjö á árinu. Ekki verið ákveðið hvort það verði lagt niður á árinu.

»2

## Hagnaður Krónunnar jókst um 18 prósent

Festi, sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar og Elko, skilaði 2,1 milljarðs hagnaði á síðasta rekstrarári og jókst hann um 42 prósent. Hagnaður Krónunnar var 843 milljónir.

»5

## Ætla að verða næsta Marel

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Controlant hyggst afla sér aukins hlutafjár til þess að standa undir frekari vexti á alþjóðlegum mörkuðum. Veltan mun fjórfaldast 2018 og verða milljarður.







Festi rekur meðal annars sautján verslanir undir merkjum Krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hagnaður Festar jókst um 42% á síðasta rekstrarári

Eignarhaldsfélagið Festi, sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar og Elko, skilaði rúmlega 2,1 milljarðs króna hagnaði á tímabilinu 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017. Jókst hagnaður félagsins um 42 prósent á milli ára. Alls seldi félagið, sem er næststærsta smásölufélag landsins, vörur fyrir 39,4 milljarða króna á tímabilinu, samanborið við 35,7 milljarða króna árið áður, og var framlegðin 20,4 prósent, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins námu eignir þess 39,3 milljörðum króna í lok febrúarmánaðar og var eiginfjárhlutfallið 38,6 prósent. Jukust eignirnar um 5,2 prósent á milli ára.

Hagnaður dótturfélagsins Krónunnar ehf., sem rekur verslanir um allt land undir merkjum Krónunnar og Kjarvals, nam 843 milljónum króna á tímabilinu og jókst um rúm átján prósent á milli ára. Matvörukeðjan seldi vörur fyrir 28 milljarða króna og jókst salan um sjö prósent frá síðasta rekstrarári. Var framlegðin um nítján prósent. Eignir Krónunnar jukust um tæp ellefu prósent á milli ára og námu um 5,3 milljörðum króna í lok febrúar.

Hagnaður raftækjaverslunarinnar Elko dróst nokkuð saman á síðasta ári. Verslunin hagnaðist um 533,7 milljónir á síðasta rekstrarári samanborið við 569 milljónir á rekstrartímabili þarsíðasta árs. Vörusalan jókst um 13,6 prósent á milli ára en á móti vógu meðal annars laun og launatengd gjöld, sem hækkuðu um sextán prósent, og annar rekstrarkostnaður. Framlegðin var 22,9 prósent á tímabilinu. Eignir verslunarinnar námu tæpum tveimur milljörðum í lok febrúarmánaðar og var eiginfjárhlutfallið þá 29 prósent.

Annað dótturfélag Festar, félagið ISP á Íslandi, sem rekur verslun Intersport á Bíldshöfða, tapaði 14,6 milljónum króna á síðasta rekstrarári. Eins og kunnugt er hafa stjórnendur Festar ákveðið að loka versluninni frá og með 31. júlí næstkomandi. Félagið tapaði 8,9 milljónum króna á þarsíðasta rekstrartímabili og jókst tapið því um tæpar sex milljónir á milli ára. Var bókfært eigið fé félagsins neikvætt um 24,2 milljónir króna í lok febrúar.

**843**

**milljónum nam hagnaður Krónunnar í fyrra og jókst um 18 prósent milli ára.**

Þá rúmlega fjórfaldaðist hagnaður fasteignafélags Festar, Festi fasteignir ehf., á síðasta rekstrartímabili. Nam hann um einum milljarði króna á tímabilinu, en eignir félagsins voru um 15,2 milljarðar króna í lok febrúarmánaðar. Festi á sautján fasteignir sem eru annaðhvort í leigu hjá verslunum félagsins eða þriðja aðila. Heildarstærð fasteignanna er um 71.500 fermetrar.

Greint var frá því í síðasta mánuði að olíufélagið N1 hefði í hyggju að festa kaup á öllu hlutafé í Festi. Er heildarvirði Festar metið á 37,9 milljarða króna í viðskiptunum. Festi er í eigu SFV slhf. og eru hluthafar um þrjátíu talsins. Stærsti hluthafinn er framtakssjóðurinn SÍA II, í rekstri eignastýringarfélagsins Stefnis, en eftir umrædd kaup verður sjóðurinn fjórði stærsti hluthafi í N1 með rúmlega átta prósenta hlut. Lífeyrissjóðir, ásamt Arion banka og VÍS, eru í hópi stærstu hluthafa sjóðsins. **kristinningi@frettabladid.is**

# Fækkað um 30 prósent í gjaldeyriseftirliti eftir afnám fjármagnshafta

Um fjórum mánuðum eftir afnám hafta starfa 16 manns í eftirliti Seðlabankans. Ekki verið ákveðið hvort gjaldeyriseftirlitið verði lagt niður en umfang þess tekið til skoðunar á komandi mánuðum. Launakostnaður í fyrra nam 314 milljónum.

Starfsmönnum í gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands hefur fækkað um liðlega þrjátíu prósent það sem af er þessu ári en næstum fjórir mánuðir eru liðnir síðan fjármagnshöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði voru nánast að öllu leyti afnumin.

Í svari Seðlabankans við fyrirspurn Markaðarins þann 23. júní síðastliðinn um hversu margir væru starfandi hjá gjaldeyriseftirlitinu kemur fram að heildarfjöldi starfsmanna, eða svonefnd ársverk, sé í dag um það bil sextán. Í lok síðasta árs voru hins vegar 23 starfandi hjá gjaldeyriseftirlitinu og nam heildarlaunakostnaður eftirlitsins á árinu 2016 samtals um 314 milljónum króna. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gagnrýndi í vikunni að ekki væri enn farin fram „umfangsmikil endurskipulagning og hagræðing gjaldeyriseftirlitsins“.

Seðlabankinn segist í svari sínu til Markaðarins ekki geta sagt til um á þessari stundu hvort gjaldeyriseftirlitið verði lagt niður á þessu ári, eða starfsemi þess færð yfir til annarra sviða bankans. Þannig bendir bankinn meðal annars á að eftirlitið eigi enn eftir að ljúka ýmsum rannsóknarmálum vegna meintra brota á lögum um gjaldeyrismál.

„Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um hvort ýmis verkefni sem tengjast gjaldeyrismálum verða í sérstöku gjaldeyriseftirliti eða ekki þegar verkefnum í tengslum við framkvæmd og losun fjármagnshafta lýkur. Í framhaldi af stórum skrefum við losun fjármagnshafta fyrr á þessu ári hefur dregið úr vinnu sem tengdist undanþágum. Gjaldeyriseftirlitið á hins vegar ólokið fjölda rannsóknarmála og hefur enn mikil verkefni sem lúta að undirbúningi lagabreytinga og annarra aðgerða sem tengjast losun þeirra fjármagnshafta sem standa eftir og snúa aðallega að aflandskrónueignum og afleiðuviðskiptum í spákaupmennskuskyni,“ segir í skriflegu svari bankans.



Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Bankinn segir að gjaldeyriseftirlitið eigi enn eftir að ljúka ýmsum rannsóknarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**314**

**milljónir var launakostnaður eftirlitsins á árinu 2016 og jókst um 23 milljónir frá fyrra ári.**

> **Gjaldeyriseftirlitið á ólokið fjölda rannsóknarmála og hefur enn verkefni sem lúta að undirbúningi lagabreytinga.**
>
> Seðlabanki Íslands

Gjaldeyriseftirlitið, ásamt öðrum sviðum bankans, vinnur nú að því að finna svonefndu fjárstreymistæki, sem var virkjað í maí í fyrra, grundvöll eftir að ýmis lagaákvæði um fjármagnshöft hafa verið felld úr gildi. Seðlabankinn segir að stefnt sé að því að þeirri vinnu ljúki á þessu ári en fjárstreymistækið felur það í sér samkvæmt núgildandi reglum að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum.

Seðlabankinn bendir á að mjög hafi dregið úr yfirvinnu í gjaldeyriseftirliti á undanförnum mánuðum. „Álag var verulegt í tengslum við undirbúning og framkvæmd skrefa sem tekin voru við losun fjármagnshafta á síðustu árum. Umfang gjaldeyriseftirlitsins verður tekið til frekari skoðunar á komandi mánuðum þegar hillir undir lokin á vinnu við síðasta áfanga losunar hafta,“ segir í svari bankans.

Þá kemur fram í svari Seðlabankans við fyrirspurn Markaðarins að Ingibjörg Guðbjartsdóttir, sem var framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits bankans þangað til hún fór í leyfi í eitt ár í júlí í fyrra til að hefja framhaldsnám í opinberri stjórnsýslu við Harvard-háskóla, muni ekki snúa aftur til starfa á þessu ári. Hún sé núna í leyfi frá bankanum þar til á næsta ári.

Starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabankans jókst mjög að umfangi á árunum eftir að því var komið á fót 2009. Heildarlaunakostnaður þess náði hámarki í fyrra en árið áður var sá kostnaður um 291 milljón króna og árinu 2014 um 228 milljónir, að því er fram kom í svari Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra við fyrirspurn Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, í mars síðastliðnum um eftirlitsstofnanir sem heyra undir ráðuneyti hans. **hordur@frettabladid.is**




# Væntir mikils ávinnings af kaupunum

IFS Greining væntir mikils ávinnings af kaupum Vodafone á 365 miðlum, samkvæmt nýju verðmati, og ráðleggur fjárfestum að kaupa hlutabréf í Vodafone. Greiningarfyrirtækið telur að verðmatsgengi bréfa í Vodafone sé 72,6 krónur á hlut og að gengið verði komið í 81,1 krónu á hlut eftir tólf mánuði. Gengi bréfanna stóð í 61,5 krónum á hlut þegar markaðir lokuðu í gær. Hækkuðu bréfin um rúm fjögur prósent í verði í viðskiptum gærdagsins, en rekja má hækkunina til umrædds verðmats IFS.

Greiningarfyrirtækið gerir ráð fyrir að kaupin gangi snurðulaust fyrir sig á árinu og að samlegðaráhrifin komi fram eins og Vodafone gerir ráð fyrir í sínum bókum. IFS bendir á að tekjur sameinaðs félags séu áætlaðar um 22 milljarðar króna og að EBIDTA, þ.e. rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, verði um 4,5 milljarðar árið 2018 og 5 milljarðar árið 2019.



Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt áætlunum stjórnenda Vodafone koma um níutíu prósent af samlegðaráhrifunum til vegna

> **Velta sameinaðs félags Fjarskipta og 365 mun nema um 22 milljörðum króna og skila um fimm milljörðum króna í EBITDA-rekstrarhagnað þegar samlegðaráhrifin eru komin fram.**

væntinga um lægri rekstrarkostnað og 600 milljóna króna sparnaðar í tæknimálum á ári. IFS telur forsendur fyrir því að samlegð náist með kaupunum, þar sem félögin séu ekki ólík í uppbyggingu. Telur IFS jafnframt að Vodafone geti notað sinn eigin viðskiptamannagrunn til krosssölu. Þó sé hætta á því að brottfall viðskiptavina aukist eftir sameininguna. **– kij**



## *Jafnlaunavottun hjá PwC*

# Sanngjörn laun fyrir sömu vinnu

Margvíslegur ávinningur hlýst af því að jafna stöðu og kjör kynja fyrir vinnustaði og vinnumarkaðinn í heild. PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

**Jafnlaunavottun**

Aðstoð og ráðgjöf vegna umsókna fyrirtækja og stofnana um Jafnlaunavottun skv. ÍST 85.

**Launastefna og starfaflokkun**

Ráðgjöf um launafyrirkomulag og uppbyggingu kaupaukakerfis. Útfærsla á launastefnu og starfaflokkun eftir inntaki starfa.

**Jafnlaunaúttekt og Réttlaunalíkan**

Mæling á launamuni karla og kvenna. Frávikagreining á launum innan starfaflokka. Ráðgjöf um launabreytingar.

**Markaðslaunavöktun**

Árlegt launaviðmið fyrir markaðslaun á Íslandi. Gögn um 150 tegundir starfa hjá 20.000 launþegum. Launaviðmið eftir atvinnugreinum og sérsniðnum forsendum.

pwc

**PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

# Fá 370 milljónir vegna skuldauppgjörs

**Fimm fyrirframgreiðslur Landsbankans inn á skuldina við LBI skiluðu fjórum stjórnendum LBI að meðaltali um 90 milljónum í bónus. Höfðu enga aðkomu eða áhrif á að skuldabréfin voru greidd upp sjö árum fyrr. Umfangsmikið bónuskerfi LBI virkjaðist í desember.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Fimm fyrirframgreiðslur Landsbankans til eignarhaldsfélagsins LBI á undanförnum níu mánuðum upp á samtals um 110 milljarða króna, en sú síðasta var innt af hendi fyrir um tveimur vikum, tryggðu fjórum stjórnendum LBI samanlagt á bilinu 350 til 370 milljónir í bónus, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Á meðal þeirra eru íslensku lögmennirnir Kolbeinn Árnason, stjórnarmaður í LBI og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, og Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins. Umfangsmikið bónuskerfi LBI, félags sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, virkjaðist undir lok síðasta árs.

Ársæll vildi aðspurður í samtali við Markaðinn ekkert tjá sig um bónusgreiðslurnar en samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar var hann með rúmlega 23 milljónir króna í tekjur á mánuði í fyrra. Áður en Ársæll var ráðinn framkvæmdastjóri LBI í byrjun síðasta árs hafði hann starfað fyrir skilanefnd og slitastjórn gamla Landsbankans allt frá árinu 2008.

Þær bónusgreiðslur sem þrír stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LBI hafa áunnið sér, einungis vegna ákvörðunar Landsbankans um að hraða endurgreiðslu á skuldinni við LBI, eru á grundvelli ákvæðis í kaupaukakerfi sem var samþykkt á aðalfundi félagsins í apríl 2016. Samkvæmt skilmálum kerfisins, sem Markaðurinn hefur undir höndum og áður hefur verið upplýst um, þá fá helstu stjórnendur LBI meðal annars tiltekinn hluta hverju sinni af þeirri fjárhæð sem Landsbankinn fyrirframgreiðir inn á skuldina við LBI. Þær greiðslur eru hins vegar aðeins lítill hluti af bónuskerfinu. Gangi tilteknar forsendur eftir um endurgreiðslur til skuldabréfaeigenda þá gæti bónuspotturinn í heild sinni hæglega orðið um tveir milljarðar. Það jafngildir um einu prósenti af heildareignum félagsins þegar bónuskerfinu var komið á fyrir tæplega einu ári.

**48,5%**

**er eignarhlutur vogunarsjóðsins Anchorage Capital, stærsta hluthafa LBI.**

### Lokagjalddaginn var 2026

Þann 22. júní síðastliðinn tilkynnti Landsbankinn að hann hefði greitt 16,2 milljarða inn á skuld sína við LBI og þannig að fullu gert upp eftirstöðvar skuldabréfa í erlendri mynt sem voru gefin út til slitabús gamla Landsbankans 2009. Við útgáfu skuldabréfanna nam höfuðstóll þeirra um 350 milljörðum á þáverandi gengi. Endurgreiðslu bréfanna átti upphaflega að ljúka í október 2018 en í maí 2014 komust Landsbankinn og slitastjórn LBI að samkomulagi um breytingar á skilmálum bréfanna og að lokagreiðsla yrði innt af hendi í október 2026. Með fyrirframgreiðslu Landsbankans í lok síðasta mánaðar hefur bankinn því borgað upp skuldina sjö árum fyrir lokagjalddaga.

Markmið bónuskerfisins er að búa til hvata fyrir stjórnendur félagsins sem miða að því að hámarka virði óseldra eigna og þar með endurheimtur kröfuhafa sem tóku formlega við eignarhaldi LBI í kjölfar þess að slitabú gamla Landsbankans lauk nauðasamningum í árslok 2015. Auk Kolbeins og Ársæls eiga stjórnarmennirnir Richard Katz, sem er jafnframt formaður stjórnar LBI, og Christian Anders Digemose, danskur ráðgjafi sem var lögmaður fyrir kröfuhafa föllnu bankana, einnig rétt á hlutdeild í þeim bónusum sem verða greiddir út til æðstu stjórnenda LBI. Í skilmálum bónuskerfisins, sem eru mjög ítarlegir og upp á fjórtán blaðsíður, er ekki tilgreint sérstaklega hvernig bónusgreiðslurnar skiptast hlutfallslega á milli stjórnendanna fjögurra. Sé aðeins tekið mið af þeim bónus sem fyrirframgreiðslur Landsbankans hafa skilað þeim þá hafa stjórnendur LBI áunnið sér að meðaltali um 90 milljónir á mann. Sumir þeirra kunna að hafa fengið meira, en aðrir minna.

### Bónus án nokkurrar aðkomu

Það sem vekur einkum eftirtekt er að þótt stjórnendur LBI hafi þannig haft umtalsverða fjárhagslega hagsmuni af því að Landsbankinn flýtti endurgreiðslum á skuld sinni við LBI þá höfðu þeir enga aðkomu eða áhrif á það að bankanum tókst að gera upp skuldina sjö árum fyrir lokagjalddaga. Landsbankinn hafði hins vegar mikinn hag af því að leitast eftir því að greiða inn á skuldina við LBI og spara sér talsverðan fjármagnskostnað. Þannig hafa bankanum boðist, líkt og öðrum íslenskum viðskiptabönkum, sífellt betri kjör á erlendum lánamörkuðum sem hann hefur nýtt sér til að sækja sér fjármagn og með því greiða upp óhagstæðari skuldabréf við LBI. Sú ráðstöfun Landsbankans hefur jafnframt haft þau óbeinu áhrif að skila lykilstjórnendum LBI sem fyrr segir samanlagt 350 til 370 milljónum í bónusgreiðslur.

Til viðbótar við endurheimtur af skuldabréfi Landsbankans þá gera skilmálar bónuskerfisins annars vegar ráð fyrir því að æðstu stjórnendur LBI geti fengið tiltekna hlutdeild af uppsöfnuðum útgreiðslum til hluthafa og hins vegar eiga þeir rétt á að fá 4,5 prósent af þeim fjármunum í erlendri mynt sem skila sér til félagsins í tengslum við margvísleg óleyst ágreiningsmál fyrir dómstólum. Samkvæmt skilmálum bónuskerfis LBI geta fyrstu bónusar til lykilstjórnenda verið inntir af hendi annaðhvort frá og með 1. janúar 2019 eða þegar búið verður að umbreyta eignum í reiðufé fyrir að lágmarki 180 milljónir evra, jafnvirði um 21 milljarðs króna, og greiða út til skuldabréfaeigenda LBI. Reiðufé sem fellur til vegna skuldabréfsins á hendur nýja Landsbankanum eða óleystra ágreiningsmála er þó undanskilið í þeim efnum. Bónuskerfið virkjaðist um miðjan desembermánuð í fyrra þegar félagið greiddi út samtals 238,5 milljónir evra til kröfuhafa en þar var að stærstum hluta um að ræða fjármuni vegna endurheimta á láni til kanadísks sjávarútvegsfyrirtækis.

### Anchorage með helmingshlut

Samkvæmt síðasta birta ársreikningi námu heildareignir LBI rúmlega 824 milljónum evra, jafnvirði 95 milljarða króna á núverandi gengi, í lok mars á þessu ári. Þar munaði langsamlega mest um reiðufé og skuldabréf Landsbankans. Með hliðsjón af fyrirframgreiðslu Landsbankans og viðskiptaáætlun LBI má gera ráð fyrir því að félagið verði búið að umbreyta nánast öllum eignum í reiðufé og greiða út til hluthafa á næsta ári.

Hluthafar LBI eru nánast einvörðungu erlendir fjárfestingarsjóðir. Í árslok 2016 var stærsti einstaki eigandi félagsins bandaríski vogunarsjóðurinn Anchorage Capital Group með liðlega 49 prósenta eignarhlut. Aðrir stórir hluthafar LBI eru vogunarsjóðirnir Taconic Capital, sem keypti fyrir skemmstu tæplega tíu prósenta hlut í Arion banka, og Davidson Kempner auk þess sem bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs á ríflega sjö prósent í LBI. Fulltrúar Anchorage Capital og Davidson Kempner voru á meðal þeirra sem unnu að útfærslu bónuskerfisins og eiga sæti í þeirri starfskjaranefnd sem hefur það hlutverk að hafa umsjón með að bónusgreiðslur til stjórnenda LBI séu í samræmi við skilmála kerfisins.




Fimm fyrirframgreiðslur Landsbankans á síðustu níu mánuðum upp á um 110 milljarða inn á skuld bankans við LBI hafa haft þau óbeinu áhrif að tryggja fjórum stjórnendum LBI, meðal annars Kolbeini Árnasyni og Ársæli Hafsteinssyni, samanlagt um 370 milljónir króna í bónus. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Fyrirframgreiðslur Landsbankans til LBI frá 2016**




### Var með 80 þúsund á tímann frá LBI í fyrra

Þær bónusgreiðslur sem stjórnarmenn LBI hafa nú þegar unnið sér inn koma til viðbótar við þau veglegu laun sem þeir fá fyrir vinnu sína fyrir stjórn félagsins. Þannig fær Kolbeinn Árnason, sem sagði upp störfum hjá SFS í ársbyrjun 2016 til að taka sæti í stjórn LBI, 200 þúsund Bandaríkjadali á ári, jafnvirði um 24 milljóna króna miðað við meðalgengi í fyrra, fyrir stjórnarsetuna en sú þóknun miðast við að hann starfi fyrir stjórnina að hámarki 40 daga – átta vinnustundir á dag. Ef hann vinnur hins vegar meira fær hann tæplega 600 þúsund króna eingreiðslu fyrir hvern dag umfram þessa 40 daga á ári.

Miðað við að stjórnarlaun Kolbeins voru um 24 milljónir fyrir að starfa að hámarki 40 daga á ári, eða sem nemur 320 vinnustundum, þá jafngildir það tímagjaldi upp á um 80 þúsund krónur. Samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar var Kolbeinn með 7,2 milljónir í tekjur á mánuði á árinu 2016, eða um 86 milljónir í árstekjur.

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 5. JÚLÍ 2017



Samkvæmt könnun fasteignarisans Zillow í Bandaríkjunum seljast fasteignir þar sem baðherbergið skartar bláum veggjum hlutfallslega við miklu hærra verði en þegar aðrir litir ráða för.

heimili →4




Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir vinna að því að búa til ilmbanka íslenskra jurta. Tilraunirnar fara fram á Hönnunarsafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Blóðbergsilmur er engu líkur

Hönnuðirnir Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir kortleggja nú ilm íslenskrar náttúru og eima jurtir á Hönnunarsafni Íslands. Gestir geta fylgst með rannsókninni og fundið ilminn af náttúrunni. →2

SUMARLEIÐIN
11 GB
FYRIR AÐEINS
2.590 KR.
Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG
Á 365.IS
365

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Framhald af forsíðu

Við erum að kortleggja allar þær jurtir sem okkur finnst einkenna Ísland og ná úr þeim ilminum. Bæði jurtir sem innihalda ilmkjarnaolíur og einnig jurtir án ilmkjarnaolía sem gefa ilm," útskýrir Sonja Bent fatahönnuður en hún og Elín Hrund Þorgeirsdóttir vinna að rannsóknarverkefninu Nordic angan sem snýst um að búa til íslenskan ilmbanka. Í framhaldinu ætla þær að vinna ilmtengdar vörur og upplifanir.

Til að ná ilminum fram eima þær jurtirnar og má fylgjast með þeirri vinnu á Hönnunarsafninu. Á Instagram má sjá hvaða jurtir er verið að eima hverju sinni. Sonja segir enga hefð fyrir því að eima jurtir á Íslandi þó löng saga sé um nýtingu jurta til lækninga.

„Mikið af því sem við erum að eima hefur ekki verð eimað áður. Hér er engin hefð fyrir ilmkjarnaolíugerð en aðrar aðferðir eru notaðar þegar búnar eru til lækningamixtúrur. Það má segja að eimingin sé áhugamál mitt sem varð hreinlega að maníu," segir Sonja en upphafið að Nordic angan má rekja til þess að hún og faðir hennar, Þórir Bent, hófu í sameiningu tilraunir á eimingu jurta. Sonja hélt vinnunni áfram eftir að Þórir féll frá.

„Pabbi var áhugamaður um styrkt vín og snapsar eru til dæmis gerðir á þennan máta, áfengið er látið flæða í gegnum jurtina en hún ekki látin liggja í. Við vorum að spjalla eitt sinn og ég spyr af hverju það sé ekki til ilmvatn með blóðbergslykt en við tíndum alltaf mikið af blóðbergi í minni æsku. Hann fór að rifja upp og tók fram gömlu eimingargræjurnar. Við aðlöguðum þær til þess að geta eimað jurtir, ég fór að lesa mér til og tilraunir hófust við að ná ilminum úr blóðberginu. Það tókst ekki í fyrstu tilraun og ekki annarri en að lokum gerðist það og þá vildum við prófa meira og meira. Birkilaufin gefa til dæmis ótrúlega lykt og að ná henni fram er æðislegur sigur. Það er líka æðislegt að ná heylyktinni fram og að ná fram rabbarbarailmi. Rabbarbari inniheldur ekki ilmkjarnaolíu en ég hef þróað aðferð til að ná ilminum samt sem áður fram. Það sér ekki fyrir endann á verkefninu en það eru yfir fimm þúsund villtar plöntutegundir á Íslandi. Við Elín Hrund sjáum fyrir okkur að taka hvern landsfjórðung fyrir sig en margar jurtir eru staðbundnar ákveðnum svæðum. Stórhuga plönin eru svo að eima Norðurlöndin næst, land fyrir land," segir Sonja.

Á sýningunni má meðal annars sjá handgerð reykelsi, ilmkerti, veggfóður með áprentuðum myndum af þurrkuðum jurtum og ilmbox sem innihalda ákveðna ilmupplifun.

„Við erum til dæmis með ilmbox sem við hönnuðum sem kallast Vetrarskógur. Boxið gefur ilmmynd af íslenskum skógi um vetur í formi ilmkjarnaolíu, ilmvatns og olíu úr sitkagreni, stafafuru, birki og fjallaþin. Við höfum líka verið að blanda ilmkjarnaolíu svo hægt sé að bera hana á húð. Okkur langar til þess að fara út og læra meira um ilm og hvernig á að blanda. Ég hefði átt að leggja fyrir mig efnafræði í stað þess að læra fatahönnun," segir Sonja. „Mér finnst þetta svo æðislega gaman og vona að ég muni fást við þetta það sem eftir er."



Sonja og Elín Hrund ætla í framhaldinu að þróa hönnunarvörur út frá ilmi íslenskra jurta. MYND/ERNIR

Áttu þér uppáhaldslykt?

„Blóðbergið er himneskt. Það eru til margar tegundir af timjan í heiminum en þetta tilbrigði sem vex á Íslandi er einstakt og alveg sérstök lykt af því."

Sýningin stendur til 20. september og fylgjast má með Nordic angan á Instagram.



Ilmur af íslenskum vetrarskógi fangaður í ilmbox.



Þórir Bent, faðir Sonju, átti eimingargræjur sem þau feðginin breyttu svo hægt væri að eima jurtir.



Ekki er hefð fyrir því á Íslandi að vinna ilmkjarnaolíur úr jurtum. Sonja og Elín eiga því mikið verk fyrir höndum.



Meðal þess sem sjá má á sýningunni eru reykelsi, ilmkerti og veggfóður með myndum af íslenskum jurtum.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


2NOW.IS
ASÍSKI DRAUMURINN
Vinsælasti þáttur vetrarins
er núna aðgengilegur í heild sinni á
Stöð 2 Maraþon NOW
Horfðu á heilu þáttaraðirnar af íslensku sjónvarpsefni.
2 MARAÞON
NOW
AÐEINS
2.990 KR
Á MÁNUÐI*
*Fylgir með völdum sjónvarpspökkum Stöðvar 2
Kynntu þér málið á 2now.is

# Blá baðherbergi seljast best

**Samkvæmt könnun fasteignarisans Zillow í Bandaríkjunum seljast fasteignir þar sem baðherbergið skartar bláum veggjum hlutfallslega við miklu hærra verði en þegar aðrir litir ráða för.**

Teikn eru á lofti um að aðeins sé að hægjast um á fasteignamarkaði sem eru góðar fréttir fyrir kaupendur en aðeins verri fyrir seljendur sem þurfa að nýju að fara að velta fyrir sér hvernig best sé að gera fasteign sína söluvænlega og girnilega til kaupa. Margir kannast við ráð eins og að baka köku eða elda kryddaðan mat áður en væntanlegir kaupendur banka upp á og svo hefur það alltaf jákvæð áhrif að hafa hreint og fínt á heimilinu og angan af hreingerningaefni kemur aldrei að sök. Það er hins vegar ekki talið ráðlegt að fara út í meiri háttar framkvæmdir eins og að skipta út gólfefnum eða mála því líklegast er að nýir eigendur muni vilja ráða sjálfir hvernig þeir haga slíku og það sé því hrein tímaeyðsla. Það þarf þó ekki að vera alls kostar rétt. Bandaríski fasteignarisinn Zillow gerði könnun á því hvaða þættir hafa áhrif á sölu og söluverð fasteigna og kom í ljós að litir á veggjum herbergja virðast skipta gríðarmiklu máli við val á framtíðarheimili. Það er þó misjafnt hvaða herbergi eru í hvaða lit og í hvaða litatóni viðkomandi litur er. Í könnuninni voru skoðaðar ljósmyndir af 32.000 heimilum og kannað hvernig litur á veggjum hefur áhrif á söluverð.

Þannig eru bláir tónar langsöluvænlegastir þegar kemur að baðherbergjum sem virðast vera þær vistarverur sem mest áhrif hafa á kaupendur. Fasteignir sem skörtuðu bláum baðherbergjum seldust á að meðaltali 5.000 dala hærri upphæð (sem samsvarar um hálfri milljón íslenskra króna) en meðalfasteignin. Óvinsælasti liturinn á baðherbergjum kemur hins vegar nokkuð á óvart en það var hvítur en hús með hvítum baðherbergjum fóru á næstum hálfri milljón lægri upphæð í íslenskum krónum talið eða 4.600 dölum undir því verði sem farið var fram á. Gráir eða grábrúnir tónar reyndust líka söluvænlegir baðherbergislitir.

Þegar kemur að öðrum herbergjum eru það í flestum tilfellum bláir eða gráir tónar sem hafa vinninginn. Þannig hafa blátóna eldhús jákvæð áhrif á söluverð á meðan gulur eða gulleitur litur á eldhúsveggjunum lækkar verðið um næstum 2.000 dali. Borðstofan á einnig að vera í bláum litum en sé hún rauð lækkar söluverðið um 3.000 dali eða rúmlega 300.000 krónur. Blá svefnherbergi hækka söluverð en bleik lækka það frekar og meira að segja blá eða grá útihurð hefur jákvæð áhrif á sölu. Eina herbergið sem borgar sig ekki að hafa blátt er stofan en þar lækkar verðið um rúmlega 800 dali við bláa tóna á meðan ljósbrúnar, drapplitar, hör- og hafralitar stofur hækkuðu verðið umtalsvert.

Það er því spurning hvort það borgar sig að mála eina umferð eða svo áður en lagt er í söluferli.

> **Þeir litir sem virka síst á kaupendur eru gulur, bleikur og rauður en gráir, brúnir og bláir virka best.**



Því blárra, því betra, hafa eigendur þessa baðherbergis sjálfsagt hugsað.



Blá baðherbergi hækka fasteignaverð svo um munar.



Tveir góðir litir þegar kemur að því að selja hús, útihurðin er blá og hundurinn drapplitaður.



Söluvænlegast er að hafa ljósa liti á stofuveggjunum enda er stofan eina herbergið sem ekki selst betur í bláu.




25% REIÐHJÓL
25% POTTAR, PÖNNUR & BÚSÁHÖLD
25% GARÐHÚSGÖGN
20% ÁBURÐUR
25% KERTI, LUKTIR & HEIMILISSKRAUT
20% SMÁRAFTÆKI
30% GJÖCO MÁLNING & VIÐARVÖRN
25% TIMBURBLÓMA-KASSAR
30% BLÓM, TRÉ & RUNNAR
35% REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR
50% BAVARIA RAFMAGNS-VERKFÆRI
20-40% KEÐJUSAGIR
30% REYKOFNAR
20-40% SLÁTTUVÉLAR
SUMARÚTSALA
70% VORLAUKAR
25% KÖRFUBOLTA-SPJÖLD
40% ELDSTÆÐI
40% FRÆ
25% MOTTUR & DREGLAR
30-40% VERKFÆRABOX
30% HEKKKLIPPUR, HEKKSNYRTAR & LAUFSUGUR
20% FERÐAVARA
25% BAÐFYLGI-HLUTIR
35% FERÐATÖSKUR
35% BLÓMAPOTTAR & GARÐSKRAUT
30-40% NAPOLEON GRILLFYLGIHLUTIR
30% FÖNDURVÖRUR
Gerðu frábær kaup!
35% LEIKFÖNG
35% PLASTBOX
30% JÁRNHILLUR
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**GOLFBÍLL !**
Yamaha Ydre 48 volt árg 2013 golfbíll sem fer leikandi 36 holur á hleðslu getum boðið hann á 780 þús eða 1.080 með húsi aðein 3 bílar á þessu verði / Gunnar 8972908



**BESTA VERÐIÐ !**
Ford Tourneo Custom 07/2016 (9 manna/Langur) 6 gíra ek 24 þ.km stigbrettir, rennihurð báðum megin ! OKKAR VERÐ 5290 þús !!! Skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BRAUT BÍLASALA



FORD Transit tourneo 9 manna Árgerð 2017 ekinn 0 KM dísel beinskiptur Flott verð Verð 6.490.000. Rnr.103991. Brautb Bilasala sími 5876600



FORD Transit l2 h2 disel trend. Árgerð 2016 ekinn 6 Þ.KM dísel, 6 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.103913. Flott verð Braut sími 5876600 verið velkomin



AUDI Q5 quattro pamorama. Árgerð 2016 ekinn 14 Þ.KM dísel sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.103149. Flott eintak Braut Bilasala s 5876600 Veið Velkomin

BRAUT BÍLASALA



MERCEDES-BENZ C 350 E plug in hybrit. Árgerð 2016 ekinn 46 Þ.KM bensín sjálfskiptur. Verð 5.450.000. Rnr.103870. Skráðu bílinn á Braut mikil sala verið velkomin

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



PORSCHE Cayenne. Árgerð 2005, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.490.000. Besta verðið í bænum Rnr.115893.



VOLVO Xc90 t8 hybrid momentum . Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.115888.



FORD Focus rs. Árgerð 2016, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 7.490.000. 420 hö er á staðnum Rnr.212326.

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



FORD F350 platinium. Árgerð 2017, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. með öllu Verð 8.370.000. + vsk Rnr.115864.



FORD F350 king ranch. Árgerð 2008, ekinn 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.620.000.+vsk 1 Eigandi topp bill Rnr.340529.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

NÝIR
NISSAN LEAF TEKNA+
30 KWH RAFHLAÐA MEÐ 250 KM DRÆGNI

EVRÓPUBÍLAR Í ÁBYRGÐ

BÍLAR MEÐ ÖLLUM HUGSANLEGUM AUKABÚNAÐI ÞAR Á MEÐAL:
- 360 gráðu myndavélakerfi
- Bose hljóðkerfi
- Sólarsella
- Leðursæti
- ... og öll önnur hugsanleg þægindi



VERÐ KR. 3.580 ÞÚSUND
KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ - BÍLAR Á STAÐNUM
90% lánamöguleikar

586 1414
stora@stora · www.stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Hópferðabílar




## Hjólhýsi



**KRONINGS HJÓLHÝSAHREYFIR (MOVER)**

**OG SÓLARSELLUR**

Kronings mover skoðið á kronings.com

Verð frá 189þús.

Gæða sólarsellur, verð með öllu 65 þús 100W og 75 þús 140W.

Áhugasamir hafið samband

í s. 863 4449 eða á: kriben@simnet.is

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**AJ HÚSASMÍÐI EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum. Nýsmiði, þök, sólpallar, innihurðir, gips, glerjun osfrv. Hafðu samband s: 771-9790 Andri eða s: 894-4505 Jón

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í tölfuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19. S. 789 5452

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**HÚS/ HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 REYKJAVÍK**

**EÐA NÁGRENNI**

**(HELST ÁRTÚNSHOLT, ÁRBÆR, SELÁS) ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði



**REKTOR-MR**
Skólafélag MR auglýsir lausa til umsóknar stöðu rektors Menntaskólans í Reykjavík. Umsóknir skulu sendar á netfangið kristjanj@althingi.is sem allra fyrst.







Til sölu

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**1. Urriðaholt-Austurhluti 1, deiliskiplags-og matslýsing.**
Bæjarstjórn Garðabæjar hefur í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010 samþykkt skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags í austurhluta 1 í Urriðaholti. Markmiðið er að deiliskipuleggja svæðið fyrir íbúðarbyggð með 450-550 íbúðareiningum í samræmi við aðal- og rammaskipulag. Byggðin verði þéttust og hæst næst háholtinu en lágreistari sem nær dregur vatninu. Gert verður ráð fyrir almenningsgarði með íþróttaaðstöðu.

Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Allir geta kynnt sér tillöguna og komið með ábendingar eða athugasemdir. Þær þurfa að vera skriflegar og berast skipulagsstjóra Garðabæjar Arinbirni Vilhjálmssyni á netfangið arinbjorn@gardabaer.is eða í bréfi til Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, fyrir 3. ágúst 2017.

**2. Urriðaholtsstræti 30. Breyting deiliskipulags.**
Bæjarráð Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingu á deiliskipulagi Norðurhluta Urriðaholts 3.áfanga sem nær til lóðarinnar Urriðaholtsstræti 30 í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan gerir ráð fyrir því að að leyfilegur fjöldi íbúða á lóðinni fjölgi úr 12 í 13.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 16. ágúst 2017. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Frekari útvíkkun á flæðigryfjum á Grundartanga**
- **Allt að 20 tonna ársframleiðsla á bleikju á Tungu í Skaftárhreppi**
- **Stækkun á bleikjueldi í landi Botna í Meðallandi, Skaftárhreppi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **6. ágúst 2017.**

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

GRINDAVÍKURBÆR

## Skipulags Gunnuhvers í Grindavík og Reykjanesbæ

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 30. maí 2017 og bæjarstjórn Reykjanesbæjar 20. júní 2017 að auglýsa tillögur að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Gunnuhver sem er á mörkum Grindavíkur og Reykjanesbæjar.
Tilgangur verkefnisins er að vinna skipulag fyrir Gunnuhver og nágrenni þar sem lögð er áhersla á að bæta og gera aðgengi að svæðinu öruggara. Að auka gildi svæðisins til útivistar en umleið verði umferð betur stýrt og þannig verndað fyrir auknum ágangi.

**Megin markmið með deiliskipulaginu eru eftirfarandi:**
- Að skilgreina aðkomu að svæðinu.
- Að afmarka bíla- og rútustæði.
- Skilgreina og staðsetja núverandi og nýja áningarstaði.
- Bæta í heild aðstöðu til útivistar.
- Bæta upplýsingagjöf um svæðið.
- Að áninga- og útsýnisstaðir sem og stígagerð verði aðlagaðir sem best að landinu til að minnka sjónræn áhrif.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 2. hæð frá kl: 9 - 16 alla virka daga og á vefsíðu bæjarins www.grindavik.is. Á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12 og á vefsíðu Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is Tillögurnar eru í kynningu frá og með 5. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og þurfa að berast frá og með 5. júlí 2017 og eigi síðar en 17. ágúst 2017 annað hvort á bæjarskrifstofu Grindavíkur, Víkurbraut 62 eða á netfangið: armann@grindavik.is.
Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

***Fh. Grindavíkurbæjar***
*Ármann Halldórsson*
*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs*
*armann@grindavik.is*

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Guðmundur Árnason segir Controlant eiga í viðræðum við mörg alþjóðleg fyrirtæki. Ef fram heldur sem horfir gæti velta Controlant numið einum milljarði króna á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stefna að því að verða næsta Marel

**Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Controlant hyggst afla sér aukins hlutafjár til þess að standa undir frekari vexti á alþjóðlegum mörkuðum. Fyrirtækið á í viðræðum við alþjóðleg stórfyrirtæki. Ef fram fer sem horfir mun velta fyrirtækisins nær fjórfaldast á næsta ári og verða hátt í einn milljarður króna. Níutíu prósent af tekjum Controlant verða erlendar.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Forsvarsmenn íslenska nýsköpunarfyrirtækisins Controlant, sem hefur þróað lausnir til þess að fylgjast með ástandi viðkvæmra vara, líkt og lyfja og matvæla, leita nú innlendra fjárfesta til þess að fjármagna frekari vöxt fyrirtækisins á erlendri grund. Fyrirtækið hefur þegar landað stórum samningum við alþjóðleg stórfyrirtæki og eru fleiri samningar í pípunum. Ef allt gengur að óskum mun velta fyrirtækisins þre- til fjórfaldast á næsta ári og verða allt að einn milljarður króna.

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, segir í samtali við Markaðinn að forsvarsmenn fyrirtækisins ræði um þessar mundir við innlenda fjárfesta um frekari fjármögnun til þess að standa undir væntanlegum vexti fyrirtækisins á alþjóðlegum mörkuðum. Gerir fyrirtækið sér vonir um að afla sér hátt í 500 milljónir króna í formi nýs hlutafjár og breikka um leið hluthafahópinn.

„Við erum nánast eingöngu að leita að fjárfestum hér heima, hreinlega vegna þess að hér eru styttri boðleiðir og auðveldara aðgengi. En í framhaldinu munum við líklega leita erlendis ef við þurfum að ráðast í frekari hlutafjárhækkanir, en það yrði þá einungis til þess að standa undir enn örari vexti,“ segir hann.

Hann nefnir að fyrst og fremst þurfi fyrirtækið að fjölga starfsfólki. Um 24 manns starfa nú hjá fyrirtækinu en ef fram fer sem horfir verða starfsmenn orðnir yfir fimmtíu talsins á seinni hluta næsta árs.

**Að komast á flugbrautina**

Controlant, sem var stofnað fyrir rúmum áratug, hefur þróað svonefndar skýjalausnir sem koma í veg fyrir skemmdir á lyfjum og matvælum í allri virðiskeðjunni, hvort sem er í framleiðslu, geymslu eða flutningi. Fyrirtækið býr til lítil mælitæki sem mæla þætti eins og hita- og rakastig og skrásetja jafnóðum staðsetningu, en tækin senda upplýsingarnar þráðlaust í miðlægan gagnagrunn. Þar eru gögnin geymd og unnið úr þeim og þau svo gerð aðgengileg í gegnum notendavænt viðmót. Þannig er hægt að nota mælitækin til þess að vakta hvaðeina sem þörf er á.

> **Miðað við þau tækifæri sem blasa við okkur, og það samkeppnisforskot sem við höfum á keppinauta okkar, getum við orðið næsta Marel, ef svo má segja.**
>
> Guðmundur Árnason

Sjóðir Frumtaks eiga um helmingshlut í Controlant, englafjárfestar tuttugu prósenta hlut og starfsmenn og stofnendur um þrjátíu prósent.

Guðmundur segir fyrirtækið hafa vaxið hægt og rólega undanfarin ár. Fyrst um sinn hafi fyrirtækið einbeitt sér að innlendum markaði, en nær öll fyrirtæki hér á landi sem höndla með lyf eru í viðskiptum við Controlant og nýta sér lausnir fyrirtækisins. Fram undan sé hins vegar mikill vöxtur.

„Ég geri ráð fyrir að á þessu ári verði líklega fimmtíu prósenta vöxtur í veltu frá síðasta ári og á næsta ári gæti veltan þre- til fjórfaldast, miðað við þau verkefni sem eru í pípunum. Þannig að það má segja að við séum að komast á flugbrautina.

**Eiga í viðskiptum við nær öll lyfjafyrirtæki landsins**

Controlant var stofnað fyrir rúmum áratug, en það spratt upp úr samstarfsverkefni nemenda og kennara við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið bar sigur úr býtum í Gullegginu, frumkvöðlakeppni íslenskra háskólastúdenta, árið 2009 og hefur aukið umsvif sín allar götur síðan. Fyrirtækið hefur eftirlit með nær öllum lyfjum og bóluefnum sem flutt eru til Íslands og nýta langflest íslensk fyrirtæki sem höndla með lyf lausnir Controlant.

Á undanförnum árum hefur fyrirtækið haslað sér völl á alþjóðlegum mörkuðum og er tæknin sem fyrirtækið býður upp á í notkun í fjölmörgum ríkjum um allan heim. Fyrirtækið sótti sér um 320 milljónir króna í lok árs 2015 en fjármagnið var meðal annars nýtt til að byggja upp alþjóðlegt sölu- og dreifikerfi.

Fyrirtækið hefur verið til í tíu ár en starfsemin hófst af alvöru árið 2009 þegar það vann Gulleggið og skrifaði undir samning við embætti landlæknis um að setja upp eftirlitsbúnað á öllum heilsugæslum á landsbyggðinni til þess að vakta bóluefni. Á síðustu tveimur til þremur árum höfum við verið að þoka okkur smám saman út og eins og staðan er núna er nær allur okkar vöxtur erlendis,“ segir Guðmundur.

„Við höfum lagt mikla vinnu og fjármuni í að þróa lausn sem hentar alþjóðlega lyfjamarkaðinum fullkomlega. Skilaboðin sem við fáum frá stórum erlendum lyfjafyrirtækjum staðfesta það.“

Fyrirtækið lauk 320 milljóna króna fjármögnun í lok árs 2015 en fjármagnið var nýtt til þess að þróa enn frekari lausnir félagsins, sér í lagi til sölu og markaðssetningar á erlendum mörkuðum.

**Landa stórum samningum**

Guðmundur segir fyrirtækið eiga nú í viðræðum við mörg alþjóðleg fyrirtæki, til dæmis flutningsfyrirtæki í lyfjageiranum, flugfélög og alþjóðlega lyfjarisa, svo eitthvað sé nefnt. Um leið sé fyrirtækið að hasla sér völl á bandaríska matvælamarkaðinum. Velta fyrirtækisins var um 200 milljónir króna á síðasta ári og stefnir í allt að 300 milljónir á þessu ári. Miðað við þá samninga sem eru í undirbúningi telur Guðmundur raunhæft að hún verði hátt í einn milljarður á næsta ári. Verða þá um níutíu prósent af tekjunum frá útlöndum.

„Við höfum mikinn metnað fyrir næstu árum. Við höfum safnað mikilli þekkingu með þróunarteyminu hér heima á síðustu árum sem við getum nýtt til þess að byggja upp starfsemina erlendis. Miðað við þau tækifæri sem blasa við okkur, og það samkeppnisforskot sem við höfum á keppinauta okkar, getum við orðið næsta Marel, ef svo má segja. Við stefnum hátt og teljum okkur geta orðið leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á þessum markaði,“ segir hann.

# Skotsilfur

## Nóg fyrir stafni



Það er ekki ofsögum sagt að **Páll Gunnar Pálsson,** forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og starfsmenn hans hafi nóg fyrir stafni um þessar mundir. Málin hafa hreinlega staflast upp á borði þeirra og er ekki fyrirséð hvenær stofnuninni tekst að afgreiða þau öll. Og þetta eru engin smá mál, heldur risastórir samrunar á borð við kaup Haga á Lyfju og Olís, Skeljungs á Basko, N1 á Festi og Vodafone á 365. Oft heyrist kvartað yfir því að rannsóknir stofnunarinnar séu of tímafrekar, en miðað við þau mál sem liggja nú á borði hennar má vart búast við að það breytist í bráð.

## Kynslóðaskipti



Með ráðningu **Sigurðar Hannessonar** sem framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins (SI) hafa sumir haft á orði að ákveðin kynslóðaskipti séu að verða hjá helstu hagsmunasamtökunum í Húsi atvinnulífsins. Auk Sigurðar, sem er fæddur 1980, má nefna Halldór Benjamín Þorbergsson, sem stýrir Samtökum atvinnulífsins, og Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Þau Halldór Benjamín og Heiðrún Lind tóku til starfa á síðasta ári og eru bæði fædd árið 1979.

## Síðasta blaðið?



Tímaritið Frjáls verslun gaf út í liðinni viku sitt árlega tekjublað en ritstjóri þess hefur um árabil verið **Jón G. Hauksson.** Blaðið er hins vegar að öllum líkindum hans síðasta en sagt er að Jón muni brátt láta af störfum sem ritstjóri tímaritsins. Greint var frá því fyrir skemmstu að Útgáfufélagið Heimur, sem var áður í eigu Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra og stendur að útgáfu tímaritsins, leiti nú nýrra eigenda að Frjálsri verslun. Mjög hefur dregið úr starfsemi Heims að undanförnu og þannig stendur félagið ekki lengur að útgáfu tímaritanna Iceland Review, Vísbendingar og Skýja.

# Opna dyrnar fyrir erlendum fjárfestum



Kínversk stjórnvöld opnuðu í vikunni fyrir viðskipti erlendra fjárfesta með kínversk skuldabréf. Kínverski skuldabréfamarkaðurinn, sem er níu þúsund milljarðar dala að stærð, er sá þriðji stærsti í heiminum en aðeins tvö prósent af kínverskum skuldabréfum eru í eigu erlendra fjárfesta. Stjórnvöld í landinu hafa tekið nokkur varfærin skref að undanförnu til að opna landið fyrir erlendri fjárfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Það er ekki til neitt sem heitir „hagsveifla“



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Það stendur í Biblíunni (Fyrstu Mósebók 41:27) að „sjö mögru og ljótu kýrnar, sem á eftir hinum komu, merkja sjö ár, og sjö tómu öxin, sem skrælnuð voru af austanvindi, munu vera sjö hallærisár“.

Þetta er í raun lýsing á því sem hagfræðingar og álitsgjafar tala oft um hagsveiflur sem næstum eins reglulega guðsgjöf og mögru árin sjö og feitu árin sjö í Biblíunni. Ef við lítum á efnahagsþróun um allan heim sjáum við að það koma mikil hagvaxtarskeið og skeið lítils hagvaxtar. Þar að auki getum við séð að það virðist vera fyrir hendi það sem tölfræðingar og hagfræðingar kalla eiginfylgni í tölunum um vöxt landsframleiðslu – ef vöxturinn er mikill eitt árið er líklegt að hann verði líka mikill árin á eftir og að vissu leyti getum við séð „sveiflur“ í efnahagslegri virkni.

Þetta fær suma til að álykta að „hagsveiflan“ fylgi einhvers konar reglu sem sé ótengd þjóðhagfræðilegri stefnu og hageiningum. Hinn heimsfrægi hagfræðingur John Maynard Keynes talaði meira að segja um „náttúrlegt lífsfjör“ – að það komi tímabil óhóflegrar bjartsýni og tímabil óhóflegrar svartsýni og að þetta kalli fram uppsveiflur og samdrátt í fjárfestingum og neyslu.

Ég, hins vegar, held að við blekkjum okkur sjálf ef við höldum að það séu „hagsveiflur“ í þeim skilningi að það sé „náttúrulögmál“ sem segir að við verðum að ganga í gegnum uppsveiflur og samdrátt. Ef við höldum að slíkt náttúrulögmál sé fyrir hendi þá er líklegt að við gerum stefnumistök.

Skoðun mín á hagsveiflum, eða ættum við frekar að segja ekki-hagsveiflum, er að miklu leyti innblásin af tveimur uppáhalds hagfræðingunum mínum, Irving Fisher og Milton Friedman, sem trúðu því báðir í raun að ef ekki væri fyrir einhvers konar stefnubreytingar – eða breytingar á til dæmis veðrinu – þá væru ekki uppsveiflur og samdráttarskeið. Á máli hagfræðinnar myndum við segja að „hagsveiflan“, eða öllu heldur samdráttur og bati í hagkerfinu, sé af völdum utanaðkomandi hnykkja frekar en að um sé að ræða innbyggðan eiginleika í frjálsu markaðshagkerfi. Það af leiðandi er „hagsveiflan“ ekki náttúrufyrirbæri – heldur er hún afleiðing hnykkja.

Þetta fékk Milton Friedman til að leggja til að við ættum að hugsa um hagkerfið innan ramma þess sem hann kallaði „plokkmódelið“ sitt. Það er að segja að við ættum að hugsa um hagkerfið sem strekktan streng – beina línu. Við getum togað í strenginn og þá er hann ekki lengur bein lína en þegar við sleppum strengnum verður hann aftur bein lína.

Frjálst markaðshagkerfi virkar á sama hátt. Ímyndum okkur til dæmis að Seðlabanki Evrópu hækki stýrivexti upp úr þurru. Það væri eins og að toga í strenginn – evrusvæðið færi inn í efnahagslægð en smám saman myndi verðlag og laun byrja að ná sér og hagkerfið myndi „rétta úr sér“ á ný. Friedman hélt því ekki fram að það myndi gerast hratt, og það færi eftir því hversu sveigjanleg laun og verðlag væru, en það myndi engu að síður gerast smám saman.

Þetta er líka kjarninn í ráðleggingum Miltons Friedman til seðlabanka – ekki toga í strenginn. Haldið honum eins og hann er og truflið ekki hagkerfið með óútreiknanlegum breytingum á peningamálastefnunni. Haldið ykkur við skýrar og gegnsæjar reglur og þá er líklegt að markaðskerfið haldi hagkerfinu stöðugu. Þannig er hagsveiflan aðeins til að svo miklu leyti sem stjórnvöld klúðra hlutunum. Og í tilfelli Íslands? Náttúruöflin leika stórt hlutverk – spyrjið hvaða sjómann sem er um það, en það er ekki það sama og að segja að sjö mögur ár hljóti að koma á eftir sjö feitum árum.

# Ertu leiðtogi af gamla skólanum?

## Hin hliðin



**Rúna Magnúsdóttir,** stjórnendaþjálfi á alþjóðamarkaði og FKA-félagskona

Hvort sem þú ert að leiða teymi, deild, heilt fyrirtæki eða stofnun, þá hefur þú alltaf val. Þú getur valið um að vera leiðtogi af gamla eða nýja skólanum. Hvort ert þú?

Upp úr síðustu aldamótum fór að bera á nýjum leiðtogaáherslum, fræðum sem kallast „Feminine Valued Leadership“ og mætti snara yfir á íslensku sem „gildi kvenlægrar stjórnunar“ þar sem hugtök eins og samstarf, samvinna og samsköpun eru höfð að leiðarljósi.

Bæði viðskipta- og stjórnmálaumhverfið var upphaflega skilgreint af körlum – fyrir karla – og hefur það frá upphafi snúist um leiðir og aðferðir sem karlar hafa fundið sig í. Konur hafa til þessa dags þurft að laga sig að þessu karllæga umhverfi til þess að vera virtar og metnar að verðleikum.

Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að leiðtoginn af „gamla skólanum“ er stjórnandinn sem stýrist af hinum svokölluðu karllægu gildum. Hugtökum eins og hugrekki, einurð, fastur fyrir, styrkur, sjálfstæði og stefnufesta. Hin svokölluðu kvenlægu gildi sem talað er um í leiðtogafræðunum eru: tilfinningagreind, gagnvirk hlustun, samræður, hluttekning, skilningur, samstarf, samvinna, samsköpun í verkefnum og áherslum.

Rithöfundurinn Daniel Goldman sem skrifaði metsölubókina „Emotional Intelligence“ sýndi fram á að leiðtoginn sem nær bestum árangri, er leiðtogi sem hefur 85 prósent tilfinningagreind. Slíkur leiðtogi stjórnar út frá hinum kvenlægu gildum með lítilræði (15 prósent) af hinum svokölluðu karlægum gildum. Bæði konur og karlar stjórnast bæði af karllægum og kvenlegum gildum og spurningin er bara hvernig blandan lítur út og hvort viðkomandi sé opinn fyrir að efla hin kvenlægu gildi hjá sjálfum sér.

Sem stjórnendaþjálfi á alþjóðamarkaði síðastliðin tíu ár hef ég tekið eftir því að alltof stór hópur leiðtoga telur sér trú um að þeir séu að stjórna sem leiðtogi af nýja skólanum. En þegar grannt er skoðað kemur í ljós að þeir eru fastir í formi gamalla gilda.

Góðu fréttirnar eru þær, að þegar stjórnandi eins og þú verður meðvituð/aður um eigin venjur, þá er hægt að fara í breytingar í þá átt sem gefa þér og teyminu þínu meiri ánægju, árangur og dýpri tengingu við tilgang og framgang fyrirtækisins. Ert þú enn þá að vinna út frá eldgömlum karllægum gildum?

Opin Kerfi

intel XEON inside

HP recommends Windows 10 Pro.

# HP Z



## Hannaðar með öryggið í fyrirrúmi!

Þú vinnur hraðar með HP Z vinnustöðvunum með Intel® Xeon® örgjörvanum, sem eru hannaðar með kröfuhörðustu notendurna í huga. Ef þú þarft mikil afköst þá þarftu HP Z vinnustöð.

### Meiri hraði
Með HP Z vinnustöðvum eyðir þú minni tíma í að bíða og meiri tíma við að skapa. Henta mjög vel fyrir grafíska vinnslu.

### Meira öryggi
HP Z vinnustöðvar eru vottaðar af öllum helstu framleiðendum hugbúnaðar fyrir tækni- og hönnunargeirann.

### Meira val
Mjög auðvelt er að sérsníða HP Z vinnustöðvarnar að kröfum hvers og eins. Bættu og breyttu þannig að vélin henti þínu umhverfi og aðstæðum.

### HP Z2 Mini
Lítil og öflug tölva sérhönnuð fyrir þarfir CAD notenda.

Hin byltingarkennda **HP Z2 Mini** er þrátt fyrir stærð sína mjög áreiðanleg og með öflugt vinnsluminni.



Kynntu þér Z vinnustöðvar nánar á www.ok.is/Z

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is

Intel, the Intel logo, Xeon, and Xeon Inside are trademarks or registered trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries.

keep reinventing

VERT.IS

MARKAÐURINN

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 5. júlí 2017

## Jakob Valgeir hagnast um 1,2 milljarða

Hagnaður útgerðarfyrirtækisins Jakobs Valgeirs ehf. nam 1,2 milljörðum króna í fyrra og jókst um 44 prósent á milli ára. Rekstrartekjur fyrirtækisins jukust um 9,5 prósent á milli ára og voru 3,1 milljarður króna, samanborið við 2,8 milljarða árið 2015.

Framlegð minnkaði um rúmar 140 milljónir á milli ára og nam um 717,2 milljónum króna. Þá var hagnaður fyrirtækisins fyrir skatta 1,47 milljarðar króna borið saman við 1,01 milljarðs króna hagnað árið 2015. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins 9,11 milljörðum króna í lok síðasta árs og jukust þær um 200 milljónir á milli ára. Var eiginfjárhlutfallið 22 prósent um áramótin.

Hluthafar í fyrirtækinu voru ellefu talsins í lok árs 2016, líkt og í upphafi árs, en stærstu hluthafar eru F84 ehf. með 43,5 prósenta hlut og Flosi V. Jakobsson með 35,97 prósenta hlut. – kij

30.06.2017



Eins og er þá eru ákveðin merki um að krónan sé búin að vinna sitt verk. Að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum þrátt fyrir þennan mikla vöxt, sem er nánast ósjálfbær, með því að hægja á honum.

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Skortur á talsmönnum

**Algengt** er að talað sé niður til Evrópusambandsins í ræðu og riti. Það á ekki bara við á Íslandi, heldur einnig til að mynda í Bretlandi og Bandaríkjum þar sem ríkjandi stjórnvöld virðast hafa horn í síðu sambandsins. Nú er ESB ekki þjóðríki, heldur ríkjasamband sem einkum er haldið saman af bjúrókratískum öflum. Fáir skilgreina sig fyrst og síðast sem Evrópubúa, og þar af leiðandi krauma ekki undir niðri sömu kraftar og valda því að menn grípa til varna fyrir land sitt jafnvel þótt málstaðnum geti verið ábótavant. Afstaða fólks sem hliðhollt er ESB byggist þannig yfirleitt á köldu hagsmunamati, en afstaða andstæðinga sambandsins á það til að grundvallast á tilfinningum frekar en rökum.

**Staðreyndin** er sú að Evrópusambandið er í raun birtingarmynd stórbættra samskipta í álfunni. Í dag þykir til dæmis fjarstæðukennt að stórþjóðir Evrópu heyi styrjaldir sín á milli, en eins og flestir vita þá er það sannkallað nýmæli í sögunni. Sögu Evrópu frá styrjaldarlokum má sömuleiðis kalla efnahagslegt kraftaverk. Álfan var rústir einar eftir stríð en nú eru lífskjör betri að meðaltali en í Bandaríkjunum, sem er nokkuð sem hefði þótt óhugsandi á eftirstríðsárunum.

**Athyglisvert** er að leiða hugann að þessu nú þegar fer að draga til tíðinda í Brexit viðræðunum. Í kosningabaráttunni var því sýknt og heilagt haldið fram að ESB stæði á brauðfótum í efnahagslegu tilliti og réði alls ekki við flóttamannavandann. Hvort tveggja reyndist þvættingur – hagkerfi evrusvæðisins óx um 0,6% á fyrsta fjórðungi þessa árs, en Breta einungis um 0,2%. Þá hefur mikill árangur náðst í atvinnusköpun innan sambandsins og hefur atvinnuleysi ekki verið minna síðan árið 2009. Því er fátt sem bendir til þess að ESB sé að líðast í sundur eða að evran sé handónýtur gjaldmiðill eins og gjarnan heyrist fleygt.

**Er því nema** von að í Bretlandi sé nú mikil andstaða við að ganga úr sambandinu? Sennilega verður ferlinu ekki snúið við úr þessu – kjósendur skutu sig í fótinn – en margt bendir til þess að Brexit verði einungis að nafninu til. Við Íslendingar ættum að læra af raunum Breta nú þegar við bíðum eftir að okkar ofursterka króna fari að bíta fólk og fyrirtæki svo undan svíði. ESB á sér kannski ekki marga ástríðufulla talsmenn. Það er samt eitthvert mesta pólitíska og efnahagslega afrek síðustu aldar, og hvað okkur Íslendinga snertir er evran okkar langraunhæfasti kostur í gjaldmiðilsmálum.






# HÖRKUTÓL SEM ENDAST




## RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.040.323 ÁN VSK / 7.490.000 MEÐ VSK*

*RAM 3500 SLT Crew Cab 4x4 6.7 lítra Cummins turbo dísel sjálfskiptur, verð frá kr. 6.040.323 án vsk / 7.490.000 með vsk.
RAM 3500 Crew Cab Laramie 4x4 verð frá kr. 6.766.129 án vsk / 8.390.000 með vsk.
RAM 3500 Crew Cab Limited 4x4 verð frá kr. 8.056.452 án vsk / 9.990.000 með vsk.
RAM er eini pallbíllinn sem fáanlegur er með loftpúðafjöðrun með hleðslujafnara og RamBox® læsanlegum hliðargeymsluhólfum.

RAM

---

# 7 MANNA LÚXUSJEPPI

## GERÐU VERÐSAMANBURÐ

### ÓTRÚLEGA LÍTIL EYÐSLA



## DODGE DURANGO GT VERÐ FRÁ KR. 9.990.000*

*Dodge Durango GT 8 gíra sjálfskiptur með 3.6 lítra 6 cyl margverðlaunaða Pentastar vél með uppgefinni eyðslu frá framleiðanda 11,2 l /100km, 9,4 l/100km utanbæjar og 13,1 l/100km innanbæjar, 7 manna, fjarstart, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, leðursæti, 20" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing, Led dagljós og afturljós, hiti í stýri, framsætum og annarri sætaröð, stillanleg aftursæti, fjarlægðaskynjarar að framan og að aftan, minni í bílstjórasæti og hliðarspeglum, rafdrifin framsæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, raddstýrt útvarp o.fl.

DODGE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • SÍMI: 534 4433 • WWW.ISBAND.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Í dag gengur hann í suðaustan 8 til 13 metra á sekúndu með rigningu. Á Norður- og Austurlandi rofar til og má gera ráð fyrir allt að 17 stiga hita, en búast má við stöku skúrum síðdegis á þeim slóðum.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 12° |
| 9 | 6 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 8° |
| 11 | 2 | 9 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 10° |
| 7 | 4 | 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 13° | 8° |
| 1 | 2 | 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | 7 | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | 1 | |
| | | | | 6 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | |
| | | 8 | 6 | | | | | |
| | 2 | | 1 | | 9 | | 3 | 8 |
| | | 6 | | | 3 | | | 7 |
| 9 | 5 | | | | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. báru að
6. frá
8. samstæða
9. klæði
11. tveir eins
12. ofreyna
14. bæ
16. belti
17. festing
18. andi
20. komast
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. stagl
3. munni
4. vöruhús
5. ískur
7. litur
10. að
13. hlaup
15. lítill
16. rjúka
19. rómversk tala




**LÁRÉTT:** 2. komu, 6. af, 8. par, 9. föt, 11. gg, 12. sliga, 14. bless, 16. öl, 17. lim, 18. sál, 20. ná, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. op, 4. magasín, 5. urg, 7. fölblár, 10. til, 13. gel, 15. smár, 16. ósa, 19. lm.

## Skák Gunnar Björnsson

Bielby átti leik gegn Dauber á Englandi 1981.
**Hvítur á leik**
**1. Hxh6+! Kxh6** (1. ... Kg8 2. Hh8+!) **2. Dh4+ Hh5 3. Hxh5+ gxh5 4. Df6+ Dg6 5. Df8+ Kg5 6. f4+ 1-0.**
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA
Vandaður útivistarfatnaður
á frábæru verði
BJARKE/BIRGIT | Dúnúlpa með hettu kr. 14.990
BJARKE/BIRGIT | Dúnúlpa kr. 12.990
BJARKE/BIRGIT | Dúnvesti kr. 9.990
NOAH/NAOMI | 3ja laga jakki kr. 19.990
NOAH/NAOMI
3ja laga buxur
kr. 14.990
Netverslun www.icewear.is
frí heimsending um allt land
ICEWEAR
ICELAND
VERSLANIR ICEWEAR
REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 • VESTURGATA 4 • ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 • LAUGAVEGUR 1 • LAUGAVEGUR 89-91 OUTLET • FÁKAFEN 9 OUTLET
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 • AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 • VÍK Í MÝRDAL AUSTURVEGUR 20 • VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJU 2

**2.698** kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**LAMBAINNRALÆRI**
verð áður 3.598 kr./kg

**2.998** kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**LAMBAPRIME**
verð áður 3.698 kr./kg

**698** kr./kg



**ÍSLENSK PAPRIKU TVENNA**
verð áður 938 kr./kg

**1.298** kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**GRÍSAHNAKKI ÚRB.**
verð áður 1.798 kr./kg

**698** kr./kg




**FJALLALAMBS SÚPUKJÖT**
verð áður 898 kr./kg

**348** kr./kg




**ÍSLENSK AGÚRKA**
verð áður 498 kr./kg

**298** kr./boxið



**HEILSUTÓMATAR**
verð áður 438 kr./boxið

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

**1.598** kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**GRÍSALUNDIR**
verð áður 2.198 kr./kg

**998** kr.




**OSTAÞRENNA**

**298** kr./boxið



**KIRSUBERJATÓMATAR**
verð áður 478 kr./boxið

**998** kr.




**SUMAR OSTAKAKA**
verð áður 1.328 kr.

**698** kr./kg



**ÍSLENSKIR TÓMATAR 6 Í PK.**
verð áður 939 kr./kg

FJARÐARKAUP

# SUMAR Í FJARÐARKAUP

**898** kr./kg



**USA VÍNBER GRÆN EÐA RAUÐ**

**698** kr./boxið



**ÍSLENSK JARÐABER**
verð áður 898 kr./boxið

**298** kr./boxið



**KONFEKTTÓMATAR**
verð áður 438 kr./boxið

**298** kr./boxið



**PICOLOTÓMATAR**
verð áður 498 kr./boxið

FK
FJARÐARKAUP

Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói
LAUGARÁS BÍÓ
Aukakrónur 5%
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 | L |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 9 - 10 | 14 |
| ALL EYEZ ON ME VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2:50 - 3:20 - 5:40 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 3 - 5:30 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Google play
App Store

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| THE HOUSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:20 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 7:40 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 8 - 10:50 | 14 |
| THE HOUSE | KL. 8 | 16 |
| TRANSFORMERS 3D | KL. 5 | 12 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10:30 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10:10 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 4:50 - 7:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10:15 | 14 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 7:30 - 10:15 | 12 |
| THE HOUSE | KL. 8:20 | 16 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Schola cantorum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Kammerkórinn Schola cantorum heldur vikulega miðvikudagstónleika á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju og flytur fagrar, íslenskar kórperlur. Íslenskum og erlendum gestum er síðan boðið upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju.

**Hvað?** Listir á Laugum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hótel Eddu, Laugum í Sælingsdal
Tómas R. Einarsson heldur sína árlegu tónleika ásamt félögunum Ómari Guðjónssyni og hinum eina sanna Mugison.

**Hvað?** Krilja spilar sígaunatónlist
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Krilja er tríó frá Gautaborg í Svíþjóð og sérstakur gestur tónleikaraðarinnar og spilar hefðbundna sígaunatónlist frá Rússlandi og Austur-Evrópu. Tónlistin er af ótilteknum aldri en oft eru lögin frá 19. öld og síðar og sveiflast á milli ljóðrænnar melankólíu og funheitrar ákefðar. Textar laganna eru á rómatungumáli eða rússnesku og fjalla um sorg, sársauka, fátækt og eymd, en einnig um ást og ástríðu. Útsetningarnar eru eigin túlkanir og spuni tónlistarmannanna.

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30 og 15.30
**Hvar?** Hörpu
Reykjavik Classics býður upp á klassíska tónlist í Eldborg í túlkun fremstu listamanna þjóðarinnar auk erlendra gestaflytjenda í einum af „tíu bestu tónleikasölum þúsaldarinnar“. Hverjir tónleikar eru 30 mín. án hlés og verða meistaraverk tónlistarsögunnar flutt á fjölbreyttum efnisskrám hverrar viku, t.d. eftir Mozart, Beethoven, Schumann og Mendelssohn. Listamenn Reykjavik Classics eru einleikarar og einsöngvarar úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar. Listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Fyrsti strengjakvartett Mendelssohns óp. 12. Páll Palomares, fiðla, Vera Panitch, fiðla, Jevgenija Frolova, víóla, Johan Krarup, selló.

**Hvað?** Sigrún í Mengi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Sigrún Jónsdóttir er tónskáld, hljóðfæraleikari og söngvari. Hún nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands á nýmiðlabraut á árunum 2011-2015, þar sem hún lagði ríka áherslu á samþættingu raftónlistar við hinn akústíska heim. Sem hljóðfæraleikari hefur Sigrún unnið með fjölda ólíkra tónlistarmanna á borð við Sigur Rós, Björk, Sóley, Orphic Oxtra, Florence and the Machine (UK) auk margra annarra.

**Hvað?** Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Siglufirði
Fimm daga tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna í einum nyrsta bæ landsins. Þjóðlagahátíðin hefur að leiðarljósi að kynna þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Á hátíðinni verða 19 tónleikar haldnir víðs vegar um Siglufjörð. Auk tónleika er boðið upp á fjölmörg námskeið, bæði í tónlist og handverki, gömlu og nýju. Börnum (að 15 ára aldri) þátttakenda á námskeiðum er boðið upp á ókeypis barnanámskeið. Þjóðlagaakademían er háskólanámskeið opið öllum almenningi. Þar verða kennd íslensk þjóðlög, rímnalög og tvísöngslög. Einnig verða kenndir þjóðdansar, að leika á langspil og íslenska fiðlu.


**Kristinn Sigmundsson verður með ljóðatónleika í Hafnarfirði í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Stóðum tvö í túni – Kristinn Sigmundsson, ljóðatónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Einn ástsælasti söngvari Íslendinga fyrr og síðar, Kristinn Sigmundsson bassi, syngur íslensk og þýsk sönglög. Anna Guðný Guðmundsdóttir leikur á píanóið.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur – Ahmad Jamal Project
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Norski bassaleikarinn Andreas Dreier leiðir hér tríó sem leikur tónlist innblásna af píanóleikaranum Ahmad Jamal. Hin sameiginlega tilfinning fyrir góðu „fíli“ í tónlist mun sameina þá í óði til eins merkasta djasstríós djasssögunnar, Ahmad Jamal tríós, og „Cross Country Tour“ þess 1958-1961. Með því að staðfæra þetta píanótríó yfir í gítartríó opnast dyr inn í nýjan hljóðheim og litapallettu. Elegans, cool og djass þar sem aðalmarkmiðið er að skemmta sér.

### Viðburðir

**Hvað?** Blágresið blíða
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Grasagarðinum í Reykjavík
Í Grasagarðinum vaxa margar undurfagrar blágresistegundir. Í kvöld verða þær skoðaðar, fjallað um fjölbreytileika þeirra og ræktun í heimilisgörðum. Jóhanna Þormar, garðyrkjufræðingur hjá Grasagarðinum, leiðir gönguna.

**Hvað?** Mikið gaman, mikið grín – uppistand með Hugleiki Dagssyni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hugleikur er hlæhlæ í poka og fer með gamanmál af því tilefni á Húrra. 1.500 krónur inn.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa


SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ




MAGNOLIA OFFICINALIS
Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu
GMP


Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni
*„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ókvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofið betur í mörg ár.“*

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engihjalla.
BALSAM balsam.is




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**
Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**
Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki



**Tómas R. Einarsson heldur sína árlegu tónleika á Hótel Eddu á Laugum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grund á undanförnum árum. Þar á meðal eru meiri háttar yfirlitssýningar í virtum söfnum báðum megin Atlantshafsins.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafni, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni, þar á meðal verk höggvin úr tré, steinsteypu og bronsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.

**Hvað?** Fjársjóður þjóðar – valin verk úr safneign
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Í fórum Listasafns Íslands er á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar er dágott úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga. Sýningin dregur fram, með aðstoð um áttatíu listaverka, fjölbreytni þeirra miðla og stílbrigða sem einkenna þessa stuttu en viðburðaríku sögu.

**Hvað?** Taugafold VII
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Hrafnhildur Arnardóttir (f. 1969), einnig þekkt sem Shoplifter, er íslenskur myndlistarmaður og er búsett í New York. Á undanförnum 15 árum hefur hún á umfangsmikinn hátt kannað notkun og táknrænt eðli hárs, og sjónræna og listræna möguleika þessarar líkamlegu afurðar. Í verkum sínum fæst hún við sögu þráhyggju mannsins gagnvart hári og hvernig má upplifa hár sem birtingarmynd sköpunar í nútíma menningu, sem tekst á við hugmyndir á mörkum þráhyggju eða blætis.

**Hvað?** Eldrúnir (Pyroglyphs)
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Upphaflegur hvati að verkinu Eldrúnum var hin ævaforna iðn járnsmiðsins sem fljótlega breyttist í tónverk ... Með orðum Steinu: „Árið 1994 eyddi ég löngum stundum í eldsmiðju Toms Joyce og tók upp myndskeið af smíði hans á járnhliði. Mér þóttu járnhlið helst til efnismikil, svo ég beindi vélinni að gneistandi og kraumandi málminum sem logarnir, þjalirnar og steðjarnir mótuðu – snöggum blossunum ... Við Tom deilum ómældri aðdáun á eldi – sem fyrirbæri og sem miðli sem umbreytir öðrum efniviði ... sem ummyndunarmiðli.“



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Um land allt
**11.45** Léttir sprettir
**12.05** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Kjarnakonur
**14.10** The Night Shift
**14.55** Major Crimes
**15.40** Schitt's Creek
**16.05** Divorce
**16.35** The Big Bang Theory
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** **Ísland í sumar** Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um alla heima og geima. Allt frá takkaskóm og torfæru til heyskapar og hektara.
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Mary Kills People
**21.05** Orange Is the New Black
**22.05** Queen Sugar
**22.50** Real Time with Bill Maher
**23.50** Fearless
**00.35** **Animal Kingdom** Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann inn í vægast sagt vafasöm mál þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll þar sem hún er séð.
**01.25** Training Day
**02.10** **Brestir** Öðruvísi fréttaskýringaþáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttastjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum. Rýna í það sem er löglegt en siðlaust – en líka það sem er siðlegt en lögbrot. Umsjónarmenn eru Lóa Pind Aldísardóttir, Kjartan Hreinn Njálsson og Þórhildur Þorkelsdóttir.
**02.40** **Nashville** Þriðja syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**03.20** Nashville
**04.05** NCIS: New Orleans
**04.50** Covert Affairs
**05.35** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Borgunarbikar kk - Stjarnan-KR
**08.40** Borgunarbikar kk - Fylkir-FH
**10.20** Borgunarbikarmörkin
**11.35** Pepsi-mörk kvenna
**12.35** Pepsi-deild kk - Breiðablik-FH
**14.15** FA Cup
**16.05** Formúla 1 - Keppni
**18.10** Pepsi-deild kk - ÍBV-FH
**19.55** Goðsagnir efstu deildar
**20.30** NBA
**21.50** UFC - Sérstakir þættir
**22.15** UFC Live Events

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The New Girl
**18.30** Community
**18.55** Modern Family
**19.20** Hindurvitni
**19.45** Gulli byggir
**20.10** Man Seeking Woman
**20.35** Cold Case
**21.20** Supernatural
**22.05** American Horror Story. Roanoke
**22.45** Modern Family
**23.05** Hindurvitni
**23.30** Gulli byggir
**23.55** Man Seeking Woman
**00.15** Cold Case
**01.00** Supernatural
**01.40** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína Langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína Langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína Langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.39** Latibær
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ævintýraeyja Ibba



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Quicken Loans National
**13.00** Golfing World
**13.50** KPMG Women's PGA Championship
**16.50** PGA Special. Arnold Palmer Network
**17.30** Golfing World
**18.20** Quicken Loans National
**23.20** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**10.05** Phantom of the Opera
**12.25** The Age of Adeline
**14.15** **Mr. Holmes** Dramatísk bíómynd frá árinu 2015 sem fjallar um Sherlock Holmes sem er löngu sestur í helgan stein, en 30 ára gamalt mál liggur enn þungt á honum. Minnið er hins vegar farið að gefa sig og man hann því aðeins brotakennt eftir málinu.
**16.00** Phantom of the Opera
**18.20** The Age of Adeline
**20.15** Mr. Holmes
**22.00** **Ricki and the Flash** Gamanmynd frá árinu 2015 með Meryl Streep í aðalhlutverki. Hún leikur tónlistarkonuna og rokkarann Ricki sem fórnaði öllu fyrir frama sinn í tónlistinni og drauminn um frægð og frama. Hún sýpur hins vegar seyðið af því að hafa glatað trausti barna sinna enda ekki verið þeim sú móðir sem þau hefðu óskað sér að hún væri. Þegar Ricki fréttir af persónulegum erfiðleikum dóttur sinnar, Julie, sem er að ganga í gegnum erfiðan skilnað, ákveður hún að gera það eina rétta í stöðunni og halda á heimaslóðirnar.
**23.45** Kingsman: The Secret Service
**01.55** Marine 4: Moving Target
**03.25** Ricki and the Flash

## RÚV

**17.20** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Nýi skóli keisarans
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.45** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Golfið
**20.05** Steinsteypuöldin
**20.40** Sætt og gott
**20.55** Lukka
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Laufaleitir
**23.25** Skömm
**00.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Royal Pains
**15.25** Making History
**15.50** Pitch
**16.35** King of Queens
**17.00** The Good Place
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** American Housewife
**20.15** Remedy
**21.00** Imposters
**21.45** Bull
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** How To Get Away
**02.35** MacGyver
**03.20** Better Things
**03.50** Imposters
**04.35** Bull
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um allt milli himins og jarðar á léttu nótunum. Í þætti kvöldsins verður Ragnar Imsland, þúsundþjalasmiður á Höfn í Hornafirði, sóttur heim. Umsjónarmaður kvöldsins er Magnús Hlynur Hreiðarsson.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



JAMIE´S 15 MINUTE MEALS

Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.

MARY KILLS PEOPLE

Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er læknir á bráðadeild á daginn en um nætur vendir hún kvæði sínu í kross og hjálpar dauðvona fólki að yfirgefa þennan heim á þess eigin forsendum.




ORANGE IS THE NEW BLACK

Fimmta þáttaröðin af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



QUEEN SUGAR

Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.

Oprah Winfrey



BÍÓ RICKI AND THE FLASH

Meryl Streep leikur hér tónlistarkonuna og rokkarann Ricki sem fórnaði öllu fyrir frama sinn í tónlistinni og drauminn um frægð og frama.



3 COLD CASE

Frábærir sakamálaþættir þar sem Lily Rush og hennar fólk upplýsir gömul og gleymd sakamál.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM 2017 MERIDA HJÓLUM
DIDRIKSONS1913
POLLAGALLAR 30% AFSLÁTTUR
Champion
30% AFSLÁTTUR
SUMARMARKAÐUR ELLINGSEN 20–70% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS MAUD DÖMUJAKKI
NÚNA 6.993.- ÁÐUR 9.990.-
TRESPASS LANNA II KONU
NÚNA 10.493.- ÁÐUR 14.990.-
CAMPINGAZ
FERÐAHELLA SÉRVERÐ 6.990.- ÁÐUR 9.990.-
KÆLIBOX 28L – 12V OG 230V SÉRVERÐ 15.990.- ÁÐUR 22.990.-
FERÐAGRILL SÉRVERÐ 13.990.- ÁÐUR 19.990.-
NIKE
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NIKE SKÓM
COLEMAN STÓLL SÉRVERÐ 7.990.- VERÐ ÁÐUR 10.990.-
Coleman
DARVIN 2+ NÚNA 11.893.- VERÐ ÁÐUR 16.990.-
DEVOLD
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DEVOLD VÖRUM
DIDRIKSONS LUSH DÖMUJAKKI
ELLINGSEN HETTUPEYSA 20% AFSLÁTTUR
COLEMAN HITABRÚSI SÉRVERÐ 3.490.- VERÐ ÁÐUR 4.990.-
TRESPASS
CORVO JAKKI
NÚNA 10.493.- ÁÐUR 14.990.-
PRIMUS HITARI SÉRVERÐ 9.990.- ÁÐUR 13.990.-
MERIDA
MERIDA ONE TWENTY 9 800 XL 2016 SÉRVERÐ 259.990.- ÁÐUR 399.990.-
MERIDA ONE SIXTY 900 XL 2016 SÉRVERÐ 399.000.- ÁÐUR 599.990.-
MERIDA ONE TWENTY 7 CF 8000 L 2016 SÉRVERÐ 489.990.- ÁÐUR 799.990.-
MERIDA CYCLO CROSS CF 9000 2016 SÉRVERÐ 399.900.- ÁÐUR 599.990.-
ÓTRÚLEG TILBOÐ Á 2016 ÁRGERÐUM
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916
Columbia
SKECHERS
TRESPASS
DIDRIKSONS1913
MOUNTAIN HARD WEAR
NIKE
ecco
Champion
MERIDA
SOREL
DEVOLD
zamberlan
Coleman
adidas











# Hvítir bílar eru aðalmálið núna

Eitt sinn þótti ekki sérlega smart að keyra um á hvítum bílum en nú er öldin önnur og hvítur er tískuliturinn í ár í bílaheiminum. Nýjustu tölur sýna fram á að það sem af er árs hafa 3.960 hvítir bílar selst.

Það fer ekkert á milli mála að við erum í miðju blússandi góðæri. Samkvæmt tölum frá Bílgreinasambandinu er hefur sala á nýjum bílum aukist um tæp 13 prósent frá því í fyrra. Toyota trónir á toppnum yfir mest seldu bíltegundirnar – Yaris, Rav4 og Land Cruiser eru vinsælustu undirtegundirnar.

Hvítur er vinsælasti liturinn – en á fyrstu sex mánuðum ársins hafa selst 3.960 hvítir bílar. Í öðru sæti eru svo gráir. Gráir bílar hafa þó selst töluvert minna eða 2.365 stykki.

Það er kannski erfitt að halda því fram að Yaris sé í tísku – líklegra er að hann sé mikið keyptur af „venjulegu“ fólki sem vill sparneytinn og traustan bíl á góðu verði.

Hins vegar má alveg tala um tísku þegar hvíti liturinn er ræddur. Lengi vel voru hvítir bílar nánast hlægilegir, klisjur eins og „drullan sést best á þeim“ og að um leið og að þú keyrir hvítan bíl sé hann fallinn þvílíkt í verði og fleira. Í dag má finna litinn á lúxus- sem og fjölskyldubílum. Audi hafa verið mjög duglegir að selja hvíta bíla – bílablaðamaður Business Insider talar um í grein árið 2013 að Audi sé framleiðandinn sem gerði hvíta bíla vinsæla og telur þar upp tölur framleiðandans um sölu á hvítum bílum sem fóru frá 119 árið 2006 í yfir 30 þúsund árið 2012.

Þó er mögulegt að við séum á hátindi ákveðinnar tískubylgju en svo virðist sem litagleðin sé að koma aftur inn – framleiðendur eru farnir að markaðssetja töluvert af litríkum bílum og nýjum litum eins og pastellitum og fleira.

**Perluhvítur er málið**

„Það fer mikið eftir því hvaða gerð af bíl, en annars erum við Íslendingar svolítið fastir í svörtu, hvítu og gráu,“ segir Arnar Sigurðsson, ráðgjafi hjá bílaumboðinu BL, inntur eftir því hvaða litir á bílum séu vinsælastir um þessar mundir. „Silfurlitur er svolítið að koma aftur, hins vegar hafa flestir framleiðendur farið í að koma með aðrar útfærslur af gráa litnum sem eru mjög flottar, t.d. frá Land Rover,“ segir Arnar og nefnir litina Silicon Silver, Aruba, Waitomo Grey og Carpathian Grey sem dæmi um vinsæla liti.

**EN ANNARS ERUM VIÐ ÍSLENDINGAR SVOLÍTIÐ FASTIR Í SVÖRTU, HVÍTU OG GRÁU.**

Aðspurður hvort hann sjálfur taki eftir auknum vinsældum hvíta litarins segir Arnar: „Já, perluhvítur hefur aðeins bætt í vinsældir hvíta litarins aftur.“

stefanthor@frettabladid.is
gudnyhronn@365.is

# Tilnefningin er klapp á bakið

Tónlistarmaðurinn Birgir Hilmarsson, betur þekktur sem Biggi Hilmars, er tilnefndur til Music & Sound verðlaunanna sem eru alþjóðleg tónlistarverðlaun og eru veitt fyrir tónlist í allt frá sjónvarpsauglýsingum til kvikmynda í fullri lengd.

Birgir hlýtur tilnefningu fyrir tónlist sem hann samdi fyrir sjónvarpsauglýsingu fyrir bresku ferðaskrifstofuna Thomson's. Tónlistina tók hann upp í nóvember. „Við tókum tónverkið upp í gamla Bítlastúdíóinu Abbey Road Studio 2 með The Chamber Orchestra of London og undir stjórn Veigars Margeirssonar.“

Úrslitin verða tilkynnt í London þann 13. júlí næstkomandi og Birgir er að vonum spenntur. „Ég vinn við að semja tónlist við kvikmyndir og auglýsingar á degi hverjum og það er alltaf gaman og hollt að fá klapp á bakið.“

Spurður út í hvað sé á döfinni hjá honum, fyrir utan Music & Sound verðlaunin segir Birgir: „Ég er þessa dagana að leggja lokahönd á mína aðra sólóplötu, sem kemur út á næstunni, en fyrsta smáskífa af henni og myndband kemur út á næstu vikum.“ **– gha**



Birgir Hilmarsson er tilnefndur til Music & Sound verðlaunanna.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Viltu vinna fallega Kubus skál undir þínar rúsínur?




Þú kaupir tvo poka af Síríus súkkulaðirúsínum, sendir mynd af kvittuninni á leikur@noi.is og þú gætir unnið sígilda Kubus skál frá Epal.

NÓI SÍRÍUS

by Lassen. Copenhagen

Kubus skálin er 14 cm og klassísk dönsk hönnun eftir arkitektinn Mogens Lassen frá árinu 1962. Alls er 5 skálar í boði.

epal

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur



# Stelpur sem hata á sér píkuna

Hún vakti nokkra athygli í vikunni, umfjöllun BBC um breskar stúlkur sem leita nú í auknum mæli til lýtalækna vegna þess að þær þola ekki útlit kynfæra sinna. Þær eru fimmtán ára og þær hata á sér píkuna.

Sem er auðvitað helber sturlun. Stelpur eru sumar svo óánægðar með líkamspart, sem er ekki einu sinni sjáanlegur utan á þeim, að þær fara og láta skera í hann. Svo hann sé líkari sléttri og symmetrískri klámfyrirmyndinni, sem er ekki einu sinni presenteruð fyrir stelpurnar sjálfar, heldur er hún fjöldaframleidd fyrir stráka. Ógeðslega ergilegt.

En hún þykir líka einhvern veginn ekkert tiltökumál, þessi firnasterka haturstenging sem konur hafa við líkama sinn. Það er ekki sjokkerandi að heyra konu segja að hún hati á sér lærin. Eða að hún þoli ekki á sér nefið. Eða að brjóstin verði aldrei söm eftir að börnin fæddust. Og hún hatar þessi brjóst, „guð, ég hata á mér brjóstin,“ segir hún við vinkonur sínar og þær sýna henni skilning vegna þess að þær hata líka eitthvað í sér.

Það liggur náttúrulega beint við að hata þegar birtingarmyndir kvenlíkamans eru einhvers konar fantasíu-sápukúluútgáfur af honum. Þegar maður hefur enga píku til samanburðar við sína eigin nema nákvæmlega þessa einu sem klámmyndaframleiðendur halda að strákar vilji sjá.

Þess vegna er svo mikilvægt að krefja samfélagið um alls konar birtingarmyndir. Svo við getum áttað okkur á því að við erum ekki frávik. Svo við getum hætt að hata.









*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS